

SHALDOR  
skoðun 14



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Fólk  
Fasteignir.is



Græddu á gulli  
á Grand Hótel

Staðgreiðum  
allt gull,  
silfur, demanta  
og vönduð úr.

Í dag frá kl 11:00 til 19:00  
Upplýsingar og tímapantanir,  
Sverrir s. 661-7000 • sverrir@kaupungull.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

14. maí 2012  
112. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*



**Einvalalið með Ferry**  
Einvalalið verður með  
Bryan Ferry á tónleikum  
hans í Hörpu í lok maí.  
**fólk 30**

**Mikill áhugi á ballett**  
Ballettskóli Sigríðar  
Ármann fagnar sextugs-  
afmæli.  
**tímamót 16**



**Valdaskipti á Englandi**  
Manchester City varð  
enskur meistari eftir  
dramatískan lokadag.  
**sport 24**



**ÁFRAM HVASST** í dag má búast  
við norðanstrekkningi víðast hvar,  
hvasst verður við A-ströndina.  
Horfur á eljagangi víða norðan til  
en sunnanlands verður bjart með  
köflum. Svalt í veðri.  
**VEÐUR 4**

## Þrýst á stjórnvöld að stofna úrskurðarnefnd hælisleitenda

Líklegt er að sett verði á stofn sérstök úrskurðarnefnd í málefnum hælisleitenda hér á landi. Sameinuðu þjóðirnar og Rauði krossinn hafa gert athugasemdir við framkvæmd mála hér. Von á frumvarpi í haust.

**STJÓRNSÝSLA** Sérstök úrskurðarnefnd í málefnum hælisleitenda verður líkast til sett á laggirnar. Nefnd sem nú endurskoðar útlendingalöggjöfina hér á landi telur það vænlegan kost. Þetta segir Halla Gunnarsdóttir, formaður nefndar um málefni útlendinga utan EES. Nefndin hefur skoðað löggjöf um málefni hælisleitenda, dvalarleyfi og atvinnuleyfi í vetur og er gert ráð fyrir því að nýtt frumvarp að lögum um útlendinga verði lagt fyrir á Alþingi í haust. Meðal þess sem verið er að skoða er framkvæmd mála þegar einstaklingar koma með fölsuð skilríki hingað. „Við erum að skoða möguleikann

Það hefur verið alþjóðlegur þrýstingur á okkur að taka upp úrskurðarnefnd.

**HALLA GUNNARSDÓTTIR**  
FORMAÐUR NEFNDAR UM MÁLEFNI  
ÚTLENDINGA UTAN EES

á úrskurðarnefnd í málefnum hælisleitenda sérstaklega. Það hefur verið alþjóðlegur þrýstingur á okkur að taka upp úrskurðarnefnd, það sé ekki eðlileg framkvæmd í þessum málaflokki að ráðuneyti úrskurði í málefnum undirstofnunar,“ segir Halla.

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna, Flóttamannahjálpið SB og Rauði krossinn hafa meðal annars gert athugasemdir við framkvæmd þessara mála hér á landi. Halla bendir á að í Danmörku og Noregi séu slíkar úrskurðarnefndir starfræktar, og í Svíþjóð er sérstakur dómstóll sem tekur á þessum málum. Fulltrúi Sameinuðu þjóðanna á svæðisskrifstofu Norðurlandanna og Eyrstrasaltslandanna hefur bent íslenskum stjórnvöldum á að skipulagið í þessum málum í Danmörku gæti hentað íslensku stjórnslu, ef ákveðið verði að stofna sjálfstæða úrskurðarnefnd hér á landi. Nefndin

í Danmörku hefur undanfarin tíu ár verið skipuð dómara, lögmanni og einstaklingi sem dómsmálaráðuneytið tilnefnir. Tuttugu ár þar á undan var nefndin einnig skipuð einstaklingi sem utanríkisráðuneytið tilnefndi og einstaklingi frá mannréttindasamtökum. Verið er að skoða möguleikann á því að koma slíkum fulltrúa aftur inn í nefndina. Ef hælisleitanda er neitað um stöðu flóttamanns á fyrsta stjórnslustigi er málið sjálfkrafa sent til nefndarinnar. Hælisleitandinn kemur þá í eigin persónu fyrir nefndina ásamt lögmanni sínum, og fær þannig tækifæri til að tala máli sínu. - þeb



Á AKUREYRI Í GÆR Fáir voru á ferli á Akureyri um miðjan dag í gær enda leiðindaveður, kalt, snjókoma og rok. Líklegt má telja að ferðafólk sem taldi sig hingað komið til að upplifa vorkomuna hafi orðið undrandi á samspili iðagræns grass og snjós í vorhretinu sem nú gengur yfir.  
MYND/AUBUNN NIELSSON

Björgunarsveitir aðstoðuðu ferðafólk á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi:

## Snælduvitlaust veður í sumarbyrjun

**VEÐURFAR** Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar höfðu í nógu að snúast í gær vegna óveðurs víða á landinu. Fyrsta útkall dagsins barst um klukkan hálf tíu í gærmorgun, en þá voru tekin að fjúka á Hvammstanga trampólín og aðrir lausamunir. Veðurstofan varaði fyrir helgi við því að búast mætti við vonskuveðri víða um land í gær og fram á daginn í dag. Um miðjan dag höfðu björgunarsveitir aðstoðað franska ferðamenn niður af Klettshálsi þar sem snjór var yfir öllu og veður tekið að versna. Þá aðstoðaði björgunarsveitin á Hólmarvík ökumenn sem lent höfðu í „snælduvitlausu“ veðri á Steingrímsfjarðarheiði. Þá var kölluð út sveit frá Blöndu-

ósi um miðjan dag til að aðstoða bíl á Þverárfjallsvegi. Síðdegis höfðu svo verið kallaðar út björgunarsveitir á Austurlandi þar sem veður og færð á Fjarðarheiði var orðin mjög slæm. Í gærkvöldi festu björgunarsveitarmenn þakplötur á höfuðborgarsvæðinu og í Vestmannaeyjum. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar var færð almennt ágæt á Vestur-, Suður-, og Suðausturlandi. Á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi var hins vegar víða þæfingur og hálfka og ófært til fjalla. Veðurstofan varaði síðdegis í gær við því að áfram mætti búast við hvasviðri eða stormi í dag, 15 til 23 metrum á sekúndu, með hvössum vindhviðum hlémeigin fjalla, einkum suðaustantil á landinu. - óká

## Forsetinn hefur baráttuna: Íhugar eina synjunina enn

**KOSNINGAR** „Ég hlyti að íhuga það mjög alvarlega,“ segir Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, um það hvort til greina kæmi að vísa kvótafrumvörpum ríkisstjórnarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ólafur hóf kosningabaráttu sína með ítarlegu viðtali í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær. „Ég tel að eðli málsins sé þannig að það séu fá mál jafnvel fallin til þess að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu eins og kvótamál.“ sagði Ólafur. „Ég gæti ekki séð að nokkur forystumaður núverandi ríkisstjórnar – hvorki Jóhanna eða Steingrímur – gætu gagnrýnt það, að forsetinn mundi vísa slíku frumvarpi í þjóðaratkvæði ef þess er krafist.“ - sh / sjá síðu 6



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Má bjóða þér léttan kaffisopa?

**SNJÖLL OG GRÍPANDI**  
www.forlagid.is

**SÉRVERKEFNI**

- Teppahreinsun
- Steintepparþrif
- Parkethreinsun
- Bónvinna

www.iss.is





Unnar, eru þetta góð samtök?

„Þetta eru fyrst og fremst skemmtileg samtök.“

Unnar Jón Kristjánsson er meðlimur bifhjólasmatakkanna Postularnir sem stunda góðgerðarstarfsemi.



FLAGIÐ Í GRÍMSEY Ari Trausti flaug í Grímsey á föstudag á lítilli tveggja hreyfla vél.

Lauk undirskriftasöfnun:

## Ari Trausti búinn að safna

**KOSNINGAR** Ari Trausti Guðmundsson hefur lokið við söfnun meðmæla fyrir forsetaframbod sitt. Framboð hans sendi frá sér fréttatilkynningu um þetta í gær.

Ari Trausti og stuðningsmenn hans fóru meðal annars í Grímsey á föstudagskvöld, þar sem nokkrar af síðustu undirskriftunum á meðmælalista hans fengust. Hann átti fund með Grímseyingum þá um kvöldið.

Framboðsfrestur rennur út 25. maí næstkomandi. - þeb

Bæjarstjórnin látinn fara:

## Meirihlutinn fallinn í Garði

**STJÓRNMÁL** Bæjarstjórnarmeirihlutinn í Garði er fallinn, eftir að Kolfinna Snæbjörg Magnúsdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, tilkynnti að hún hygðist ganga til liðs við minnihlutann.

Kolfinna sagði við fréttastofu RÚV í gær að ágreiningsefnin hefðu verið mörg og alvarleg. Hún nefndi sérstaklega málefni grunnskólans í Garði.

Myndaður hefur verið nýr meirihluti N- og L-lista ásamt Kolfinnu. Til stendur jafnframt að ráða nýjan bæjarstjóra, en Ásmundi Friðrikssyni núverandi bæjarstjóra verður sagt upp störfum á fundi á miðvikudag. - þeb

Fékk viðurkenningu vegna góðgerðastarfs í þágu særðra hermanna:

## Harry Bretaprins verðlaunaður

**WASHINGTON, AP** Harry Bretaprins var verðlaunaður fyrir góðgerðastarf sitt í þágu særðra hermanna í kvöldverðarboði í Washington. Þetta var fyrsta heimsókn Harrys til bandarísku höfuðborgarinnar.

Hinn 27 ára Harry er þyrluflugmaður í breska hernum og starfaði í tíu vikur í Afganistan á árunum 2007 til 2008. Við athöfnina í Washington sagði hann að margir karlmenn og konur úr hernum hefðu þurft að borga dýru verði fyrir að tryggja almenningi öryggi og standa vörð um frelsi hans. „Þau eiga það inni hjá okkur að við

styðjum við bakið á þeim og fjölskyldum þeirra þegar þau eiga um sárt að binda. Vonandi öðlast þau á endanum vonina á nýjan leik og sjálfstraust til að blómstra,“ sagði prinsinn. „Fyrir þetta fólk hefst hinn raunverulegi bardagi eftir að byssurnar hafa þagnað.“

Colin Powell, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, veitti verðlaunin. Hann sló á létta strengi og sagði meðalaldur þeirra sem sækja þennan árlega kvöldverð hafa lækkað um 25 ár. „Jafnmargar ungar og einhleypar konur hafa aldrei áður sótt kvöldverðinn.“ - fb



VERÐLAUNAÐUR Harry Bretaprins ásamt Colin Powell sem afhenti honum verðlaunin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nóg að gera hjá lögreglunni:

## Hnífar á lofti í miðborginni

**LÖGREGLUMÁL** Maður var stunginn með hnífi á Laugavegi rétt eftir sjö á laugardagskvöld. Hann var fluttur með sjúkrabíl á slysadeild en ekki hafa fengist nánari upplýsingar um meiðsl hans. Árásarmannsins var enn leitað í gær.

Lögreglan sinnti fleiri verkendum af svipuðum meiði á laugardagskvöld. Maður ógnaði fólki með hnífi á veitingahúsi við Laugaveg, en starfsmaður skarst í lófa við að afvopna hann. Þá var stúlka skorin í andlituð á skemmtistað við Bankastræti. - sh

## Bónusar eins og fyrir hrun ekki á dagskrá

Nýtt kaupaukakerfi sem verið er að þróa í Landsbankanum er til komið vegna óska kröfuhafa segir ráðherra. FME hefur sett kaupaukum í fjármálaþyrirtækjum miklar skorður. Kveðið er á um hófsemi í launakjörum í stefnu ríkisins.

**VIÐSKIPTI** Það kemur ekki til greina að hleypa kaupaukakerfinu í bönkunum af stað aftur í þeirri mynd sem það var fyrir hrun segir Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra. Hann segir áform um kaupaukakerfi í Landsbankanum til komin vegna óska kröfuhafa.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Eins og fram kom í Markaðinum, fylgiriti Fréttablaðsins, í síðustu viku munu starfsmenn Landsbankans eignast allt að tveggja prósentu hlut í bankanum þegar lokauppgjör fer fram milli bankans og þrotabús gamla Landsbankans í lok þessa árs. Með þessu er ætlunin að byggja upp kaupaukakerfi, en hluturinn er um fjögurra milljarða króna virði.

„Það kemur ekki til greina að hleypa þessu kaupaukakerfi af stað í þeim anda sem það var, enda stendur það ekki til,“ segir Steingrímur. Hann segir búið að taka fyrir að stjórnendum bankanna verði greiddir risabónusar tengdir skammtíma-gróða, svo sú hætta verði aftur til staðar að stjórnendum reyni að skrúfa afkomuna upp milli ársfjórðunga vegna bónusa.

Hann segir að um það hafi samist við kröfuhafa gamla Landsbankans að starfsmenn nýja bankans fengju að njóta þess með kaupaukum ef vel gengi.

„Þeir voru raunar með miklu meiri kröfveru í þeim efnunum sem



KAUPAUKAR Setja þarf mjög stífar reglur til að koma í veg fyrir að „vitleysan“ með bónusa fyrir stjórnendur bankanna verði endurtekin segir Steingrímur J. Sigfússon efnahags- og viðskiptaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Það kemur ekki til greina að hleypa þessu kaupaukakerfi af stað í þeim anda sem það var, enda stendur það ekki til.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON  
EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

við féllumst ekki á. Að endingu náðist saman á þessum nótum, að allir starfsmenn bankans gætu fengið vissa hlutdeild í því þegar til uppgjörs kemur milli nýja og gamla bankans,“ segir Steingrímur.

Steingrímur vísar til þess að Fjármálaeftirlitið (FME) hafi sett

reglur um kaupauka þar sem þeim eru settar verulegar skorður, og bankarnir verði að sjálfsgöðu að fara eftir þeim reglum.

„Ég er persónulega ekki mikill aðdáandi kaupauka eða bónusa yfir höfuð og deili ekki þeirri hugmyndafræði að þeir þurfi að vera,“ segir Steingrímur. „Að því marki sem það er þarf að setja um það mjög stífar reglur og koma í veg fyrir að vitleysan frá því fyrir hrúnið geti tekið sig upp á nýjan leik. Það verður séð til þess,“ segir Steingrímur.

Í eiginastefnu ríkisins er kveðið á um hófsemi í launamálum hjá bönkunum, og bankanum ber að starfa í þeim anda, segir Steingrímur. brjann@frettabladid.is



MINNINGARATHÖFN Nemendur í Boston minntust látinna samnemenda sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Harmleikur á Nýja Sjálandi:

## Þrír stúdentar fórust í bílslysi

**BOSTON, AP** Þrír stúdentar úr Boston-háskóla í Bandaríkjunum fórust og fimm til viðbótar slösuðust í bílslysi á Nýja Sjálandi á laugardaginn. Nemendurnir voru á ferðalagi í lítilli rútu skammt frá bænum Taupo þegar hún fór út af veginum og valt.

Móir eins háskólanemans sem fórst sagði í viðtali við Boston Globe að sonur hennar hefði verið duglegur að setja inn myndir á Facebook frá ævin-tyrum sínum á Nýja Sjálandi, þar á meðal teygjustökki á afmælisdegi sínum. Prófum lauk í Boston-háskóla á föstudaginn en enginn áhugi var fyrir hátíðarhöldum vegna harmleiksins. - fb

Björgunarsveitir kallaðar til:

## Lést á göngu í Esjuhlíðum

**SLYS** Maður sem veiktist í Esjuhlíðum í gær var látinn við komuna á bráðamóttöku Landspítalans.

Maðurinn hafði veikt skyndilega. Björgunarsveitir og sjúkraflutningamenn voru kölluð á staðinn rétt eftir hádegi í gær. Þyrla Landhelgisgæslunnar var einnig kölluð til, en varð frá að hverfa vegna veðurs. Maðurinn var fluttur á bráðamóttöku Landspítalans en var látinn við komuna þangað. Ekki er hægt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu. - þeb

Tugir þúsunda flykkust á götur Spánar til að mótmæla ríkisstjórninni:

## Rajoy varði niðurskurð Spánar

**MADRÍD, AP** Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, varði í gær niðurskurðaradgerðir ríkisstjórnarinnar en þeim er ætlað að rétta við slæmt efnahagsástand landsins. Á laugardaginn flykkust tugir þúsunda Spánverja út á götur og mótmæltu aðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Rajoy sagði aðgerðirnar nauðsynlegar vegna slæms ástands efnahags landsins, þar á meðal mikils atvinnuleysis sem mælist næstum 25 prósent. „Við erum að gera allt sem í okkar valdi stendur og þess vegna verðum við að taka erfiðar ákvarðanir. Við erum að gera hluti sem voru ekki nefndir í kosningaherferð okkar en við verðum að framkvæma þá,“ sagði hann.

Tugir þúsunda Spánverja flykkust á göturnar á laugardaginn í tilefni þess að eitt ár er liðið síðan Indignant-hreyfingin var stofnuð. Hún varð til þess að margar aðrar mótmælagöngur voru haldnar gegn stjórnvöldum um allan heim. Samkvæmt spænsku lögreglunni mótmæltu 72 þúsund manns í landinu, þar af 30 þúsund í Barselóna og 22 þúsund í Madríd.

Átján mótmælendur voru handteknir í gær. Að auki slösuðust tveir lögreglumenn í Madríd



LEIDDUR Í BURTU Mótmælandi leiddur í burtu af lögreglunni í Madríd á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þegar þeir reyndu að rýma stórt almenningstorg í borginni. - fb

Heyr á endemi

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



# ÓDÝRASTI VALKOSTURINN Í BÓNUS

179 kr.



**B**  **NUS**

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BOÐI

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	125,39 125,99
Sterlingspund	201,91 202,89
Evra	162,22 163,12
Dönsk króna	21,819 21,947
Norsk króna	21,366 21,492
Sænsk króna	18,023 18,129
Japanskt jen	1,5675 1,5767

SDR 192,68 193,82

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
223,8627  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands



FLÓÐ Fimm manns fórust í Tbilisi, höfuðborg Georgíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Flóð í höfuðborg Georgíu: Fimm manns fórust í Tbilisi

**GEORGÍA, AP** Fimm manns fórust af völdum mikilla flóða í Tbilisi, höfuðborg Georgíu í gær.

Móðir með tvö ung börn, eldri kona og eldri maður fórust í Ortachala-hverfinu eftir að áin Kura flæddi yfir bakka sína. Þau festust öll inni á heimilum sínum og létust þegar hífýlin hrundu. Að sögn sjónarvotta fór vatnshæðin sums staðar yfir þrjá metra. Rafmagn fór af mörgum hverfum og bílar flutu eftir götunum. Herinn í Georgíu aðstoðaði fólk sem var í vanda statt og hjálpaði því að færa sig um set. Spáð er rigningu næstu þrjá daga í Georgíu. -fb

## Undirréttur í Svíþjóð: Kennarar reikni með ofbeldi

**SVÍÞJÓÐ** Nemandi á efri stigum grunnskóla í Kiruna í Svíþjóð hefur verið dæmdur fyrir að hafa sparkað í kennara, barið hann og hótad honum lífláti. Kennarinn fær hins vegar engar bætur.

Samkvæmt úrskurði undirréttar verða kennarar, eins og lögreglumenn og dyraverðir, að reikna með vissu ofbeldi og hótunum, að því er blaðið Norröndska Socialdemokraten greinir frá. Nokkrir nemendur höfðu verið með læti í matsal síðasta haust og bar kennarinn einn út. Sá mótmælti á fyrrgreindan hátt. -ibs

Lögfræðiálit var unnið fyrir Garðabæ vegna áformaðra breytinga á deiliskipulagi á Arnarnesi:

# Von er á bótakröfum vegna strandstígs

**SVEITARSTJÓRNIR** Landeigendur á Arnarnesi krefjast bóta samþykki bæjaryfirvöld nýtt deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir almenningsstígu við strandlengjuna. Í lögfræðiálitinu fyrir bæinn segir að landeigendurnir hafi réttinn sín megin.

Bæjaryfirvöld fengu Andra Árnason hæstaréttarlögmann til að fara yfir tilteknar athugasemdir sem bárust vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi á Arnarnesi. Snýst málið meðal annars um eignarhald á landi

undir almenningsgarð og landi undir malbikaðan og upplýstan göngu- og hjólastíg meðfram strandlengjunni á norðanverðu og norðvestanverðu Arnarnes.

Deilt er um túlkun gamals samkomulags frá upphafi skipulagðrar byggðar á Arnarnesi þar sem landeigendur afsöluðu sér landi til almenningsnota. Segja landeigendurnir að þar sem nú sé gert ráð fyrir almenningsgarði á Háholti hafi upphaflega átt að vera skóli og að landinu hafi verið afsalað til þeirra nota sérstaklega.

Andri Árnason telur bæinn hafa eignarhald á Háholtinu en öðru máli gegni um land undir almenningsstíga á norður- og norðvesturströndinni. Þar þurfi leyfi landeiganda fyrir lagningu stíganna. Auk þess kunnir eigendur íbúðarhúsalaða að telja sig verða fyrir tjóni með því að nýtingarmöguleikar eigna þeirra minnkar og verðmæti lækkar. „Telja verður líklegt að lóðareigendur verði í slíkum tilfellum taldir eiga bótarétt á hendur sveitarfélaginu,“ segir í lögfræðiálitinu. -gar



ARNARNES Bærinn hyggst leggja hjólréiða- og göngustíga fyrir almenning neðan við sjávarlóðir á Arnarnesi en á ekki strandlengjuna. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÖL

# Alltaf náðað vegna alvarlegra veikinda

Þeir 167 einstaklingar sem hafa hlotið náðun á síðustu 30 árum áttu við alvarleg veikindi að stríða. Sumir voru við dauðans dyr. Mjög óalgengt að menn rjúfi skilorð eftir að hafa hlotið náðun, segir lögfræðingur innanríkisráðuneytisins.

**FANGELSISMÁL** Umsóknir fanga um náðanir hafa allar verið samþykktar á grundvelli heilsufarsástæðna. Síðan 1980 hafa alls verið náðaðir 167 einstaklingar hér á landi, þar af 45 á síðustu 16 árum.

Skúli Þór Gunnsteinsson, lögfræðingur hjá innanríkisráðuneytinu, segir allar náðanir byggðar á lækisfræðilegum rökum.

„Menn geta verið að kljást við alvarleg geðræn vandamál eða eru algjörlega bundnir á stofnunum. Einnig er mjög algengt að menn eigi einfaldlega ekki langt eftir og séu við dauðans dyr,“ segir Skúli. „Svo eru einstaklingar sem eru algjörlega ósjálfbjarga og það er ekki hægt að vera með slíka menn í fangelsi. Það þjónar engum tilgangi.“

Dómarnir sem náðaðir einstaklingar hafa hlotið eru í langflestum tilvikum vægir. Skúli segir mikið þurfa að koma til ef um sé að ræða þunga dóma og slíkt heyrir til algjörra undantekninga. „Það er til, en það er mjög óalgengt,“ segir hann. Í flestum tilvikum séu menn að afplána dóma fyrir fésektir.

Hljóti maður náðun þarf að halda almennt skilorð. Skúli man eftir einu tilviki þar sem náðaður maður braut skilorð, en þar var um að ræða mjög andlega veikan einstakling. „Hann var bara settur aftur í steininn.“

Sama gildir um skilorðsrof hjá náðuðum einstaklingum og þeim sem hafa fengið skilorðsbundna dóma. Í því sambandi bendir Skúli á að gæti viðkomandi keyrt, sem náðaðir einstaklingar geti þó yfirleitt aldrei, myndi hraðaksturssékt



AFTUR Í VARDHALD Aðeins einn af 167 hefur rofið skilorð náðunar og verið settur aftur í fangelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Náðun er alltaf skilorðsbundin

Náðunardeiðni er send til ríkisráðs sem metur hvert tilvik fyrir sig eftir lækisfræðilegum rökum. Hljóti umsóknir samþykki náðunarnefndar innanríkisráðuneytisins er hún síðan send áfram til forseta Íslands til undirritunar. Undirrituð tillaga er svo send Fangelsismálastofnun til framkvæmdar. Náðun er alltaf skilorðsbundin, yfirleitt tvö til þrjú ár, eftir þyngd dóma, og Fangelsismálastofnun sinnir hefðbundnu skilorðseftirliti.

„Svo eru einstaklingar sem eru algjörlega ósjálfbjarga og það er ekki hægt að vera með slíka menn í fangelsi. Það þjónar engum tilgangi.“

**SKÚLI ÞÓR GUNNSTEINSSON**  
LÖGFRÆÐINGUR HJÁ  
INNANRÍKISRÁÐUNEYTI

ekki valda skilorðsrofi. Til þess þyrfti árársbrot eða annað alvarlegra lögbrot.

„Ástæða þess hversu skilorðsrof eru sjaldgæf yfirleitt er sú að þessir einstaklingar eru svo veikir að þeir hafa ekki burði til að brjóta af sér,“ segir hann. „Og ef þeir gera það, eru þeir yfirleitt ekki ábyrgir gjörða sinna.“

Ekki fást nánari upplýsingar um afbrot þeirra einstaklinga sem hlotið hafa náðun vegna þess hversu fangahópurinn er lítill og auðvelt er að rekja hvert tilfelli fyrir sig. Alls hafa 513 umsóknir um náðun borist síðan árið 1993. Af þeim voru 45 samþykktar. sunna@frettabladid.is

## Eimskip ætlar á markað: Skráning á lokafjórðungi

**VIÐSKIPTI** Eimskipafélag Íslands stefnir á skráningu í Kauphöll Íslands á lokafjórðungi þessa árs.

Fram kemur í tilkynningu að félagið hafi ráðið Íslandsbanka og Straum fjárfestingabanka til að vinna að undirbúningi skráningarinnar.

„Í tengslum við fyrirhugaða skráningu er gert ráð fyrir að fram fari almennt hlutfjárútbod þar sem fjárfestum og almenningi gefst kostur á að skrá sig fyrir hlutum í félaginu,“ segir í tilkynningu, en með því eigi að tryggja almenna og góða dreifingu á eignarhaldi félagsins.

Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, væntir þess að skráningin verði farsælt skref. - óká



GYLFI SIGFÚSSON

## Norrömmenn skoða eyðslu: Kvittanir þarf að geyma í heilan áratug

**NOREGUR** Tollayfirvöld í Noregi geta krafist sannana fyrir eyðslu Norðmanna í útlöndum tíu ár aftur í tímann hafi greiðsla fyrir vöru numið meira en 25 þúsundum norskra króna. Geti menn ekki sýnt kvittun eiga þeir á hættu að greiða viðbótartoll, hvort sem þeir hafa tekið vöruna með sér til Noregs eða ekki, að því er greint er frá á vef Aftenposten.

Tölvunefndin í Noregi, sem fengið hafði kvörtun vegna málsins, úrskurðaði í fyrra að slíkt eftirlit væri ólöglegt. Nú hefur norska persónuverndin úrskurðað að svo sé ekki. - ibs

**Buika á Listahátíð**

3. júní / 4.900 kr.  
www.listahatid.is

**Soffía Sveinsdóttir**  
veðurfréttamaður

LÆGIR Í KVÖLD í dag má búast við strekkingi víðast hvar en það fer að lægja með kvöldinu, fyrst á Vestfjörðum. Á morgun verður fremur hægur vindur nema allra austast. Á miðvikudaginn lítur síðan út fyrir að hitastigið hækki aðeins.

Á MORGUN 5-10 m/s, hvassast austan til.

MÍÐVIKUDAGUR 3-10 m/s og stöku él.

Buika syngur í kvikmynd Almódóvars Skannaðu kóðann!

**VEÐURSPÁ**

**HEIMURINN**

Alicante	24°
Basel	18°
Berlín	17°
Billund	10°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	19°
Gautaborg	12°
Kaupmannahöfn	12°
Las Palmas	29°
London	12°
Mallorca	25°
New York	20°
Orlando	32°
Ósló	12°
París	17°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	11°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.





8. – 11. júní  
15. – 18. júní  
22. – 25. júní  
6. – 9. júlí

## Alicante

Verð frá, á mann í tvíbýli: **99.900 kr.**

Sólskin og stendur. Dvöl á hóteli með útsýni yfir hafid. Verðslanir, veitingastaðir, tónlist og golfid aldrei langt undan. Griptu tækifærid og fjúgðu suður á bóginn.

Innifalið er flug með sköttum og gisting með morgunverði og kvöldverði með víni.



14. – 19. júní

## Köben

Verð frá, á mann í tvíbýli: **69.900 kr.**

Strikið, síkin, sagan, hjólin, söfnin og öll dönsku skemmtilegheitin. Bjór og brugghús – kóngar og drottningar. Og Tívolí!

Innifalið er flug með sköttum og gisting með morgunverði.



6. – 13. júní  
13. – 21. júní  
18. – 25. júlí  
22. – 30. ágúst

## Köln

Verð frá, á mann í tvíbýli: **89.800 kr.**

**Fararstjóri: Geir Rögnvaldsson, kennari.**  
Perla Rínardalsins. Heillandi skoðunarferðir um borgina og nágrennið undir vandaðri fararstjórn. Sigling á Rín. Andaðu að þér sumrinu í Köln.

Innifalið er flug með sköttum og gisting með morgunverði.

# Allir út!

## Stuttgart

Verð frá, á mann í tvíbýli: **89.900 kr.**

Einstaklega fögur borg og vel staðsett. Merkjavörur á lágu verði. Hallir, garðar, matur og vín. Slepptu ekki þessu gullna tækifæri. Stökktu til Stuttgart með WOW air.

Innifalið er flug með sköttum og gisting með morgunverði.



14. – 19. júní  
21. – 26. júní  
28. júní – 3. júlí

## Lyon

Verð frá, á mann í tvíbýli: **199.800 kr.**

**Fararstjóri: Jóna Dóra Óskarsdóttir, óperusöngkona.**  
Sannkölluð sælkeriferð til Lyon, hjarta matar- og vínmenningar Frakka. Bragðaðu á lystisemdum borgarinnar og bókaðu strax.

Innifalið er flug með sköttum og gisting með morgunverði.



28. júní – 3. júlí

## Berlín

Verð frá, á mann í tvíbýli: **109.900 kr.**

**Fararstjórar: Lilja Hilmarsdóttir (14. júní), Hjálmar Sveinsson (21. júní).**

Mögnuð miðstöð Evrópu. Fjölbreytt afþreying, fræðsla, ferðir, siglingar og skemmtun. Það er pláss fyrir alla í Berlín.

Innifalið er flug með sköttum og gisting með morgunverði.



28. júlí – 4. ágúst

### ER WOW Í PAKKANUM ÞÍNUM?

WOW ferðir bjóða upp á skemmtilegar og áhugaverðar ferðir til allra áfangastaða WOW air, með sérstaka áherslu á fjölbreyttar pakkaferðir við allra hæfi. WOW ferðir munu bjóða upp á sérferðir, borgarferðir, golf ferðir, skíðaferðir, leikhúsferðir, menningarferðir svo fátt eitt sé nefnt, með og án fararstjóra.



wowferdir.is

WOW ferðir | Höfðatún 12 | 105 Reykjavík | +354 590 3000 | wowair@wowair.is



FERÐIR



FRÉTTASKÝRING: Forseti Íslands hellir sér í kosningabaráttu

# Kvótinn tilvalinn í þjóðaratkvæðagreiðslu

Forseti Íslands telur að kvótafrumvörp ríkisstjórnarinnar eigi heima í þjóðaratkvæðagreiðslu. Forystumenn stjórnar og stjórnarandstöðu taka ekki illa í það. Ólafur Ragnar Grímsson hóf kosningabaráttu sína í gær með harðri gagnrýni á meðfram-þjóðanda sinn, stjórnvöld og fjölmiðla.

Barátta Ólafs Ragnars Grímssonar fyrir endurkjöri til embættis forseta Íslands hófst með hvelli í ítarlegu viðtali í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær. Samdægurs opnaði hann kosningaskrifstofu sína að Laugavegi 88 og heimasíðuna Olafurogdorrit.is.

**Kvótinn stærsta mál þjóðarinnar**  
Meðal þess sem fram kom í viðtalinu við Sigurjón M. Egilsson var að Ólafur Ragnar telur fá mál eins vel til þess fallin að vera borin undir þjóðina í atkvæðagreiðslu og kvótamál.

„Ég hef haft það sem grundvallarreglu að lýsa ekki þeirri afstöðu, þegar frumvörp eru til meðferðar á Alþingi, hvað forseti kynni að gera við þessar aðstæður. En hitt er alveg ljóst – og það er alveg í samræmi við mál-

flutning forystumanna núverandi ríkisstjórnar og reyndar stjórnarandstöðuflokkanna líka – að kvótamálið er, orðrétt samkvæmt þeirra eigin ummælum, stærsta mál þjóðarinnar.“

Erfitt væri að hugsa sér mál sem væri eðlilegra að setja í þjóðaratkvæðagreiðslu ef tiltekinn hluti þjóðarinnar krefðist þess og hann sæi ekki hvernig formenn stjórnarflokka gætu mögulega sett sig upp á móti slíkri ákvörðun forseta.

## Óhefðbundin yfirlýsing

Fréttablaðið náði ekki tali af Steingrími J. Sigfússyni sjávarútvegsráðherra í gær en í samtali við Ríkisútvarpið sagðist hann ekki fráhverfur því að kvótamálin yrðu borin undir þjóðina. „Ég kvíði því ekki. Ég held að það sé mikill áhugi hjá þjóðinni á að gera breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu,“ sagði Steingrímur. „En það er náttúrulega óhefðbundið ef forsetinn er farinn að boða fyrir fram að hann kunni að vísa þessum eða hinum málum sem eru í vinnslu í þjóðaratkvæði.“

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segist jafnframt vel geta séð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um kvótamálin. „Ég skildi þessi orð sem harða gagnrýni á þau frumvörp sem eru fram komin. Ég get vel skilið að hann sjái alvarleika málsins þegar fyrir liggur að stór hluti út-



ÓSÁTTUR VIÐ ÞÓRU Ólafur segir alvarlegt að fram komi forsetaframbjóðandi sem lýsi því yfir að forseti eigi að styðja utanríkisstefnu sitjandi ríkisstjórnar, líkt og Þóra Arnórsdóttir hefur gert. „Ég tel að þetta sé ekki sú tegund forseta sem þjóðin þarf á að halda.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

gerðarinnar gæti lent í greiðslu-proti ef málið nær fram að ganga,“ segir Bjarni.

## Eitt allsherjar bíó

Ólafur fór um víðan völl í viðtalinu, og gagnrýndi meðal annars Þóru Arnórsdóttur, þann mótframbjóðanda hans sem til þessa hefur mælst með mest fylgi.

Hann sagði að kosningabaráttu hennar væri stýrt af sama manni og gert hefði kvikmynd um kosningabaráttuna fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar, og vísaði þar til Gauks Úlfarssonar leikstjóra. „Þetta finnst mér endurspeglar ákveðna blindu í fjölmiðlum, að kannski sé þetta bara allt saman orðið svona eitt allsherjar bíó, forsetakosningarnar og umræðan í þjóðfélaginu og ákvarðanirnar.“

Þá gagnrýndi hann afstöðu Þóru til utanríkismála, og nefndi sem dæmi að Þóra hefði sagst munu halda afstöðu sinni í Evrópu-sambandsmálum leyndri fyrir þjóðinni.

Jafnframt sagði hann alvarlegt að forsetaframbjóðandi lýsti því yfir að hann teldi það hlutverk forseta að fylgja utanríkisstefnu ríkisstjórnarinnar. „Manneskja, sama hvort hún er ung eða gömul, sem segir það skyldu forsetans að

„Jóhanna hefur aldrei fyrirgefið og hefur verið í ýmiss konar leiðöngurum gegn mér.“

ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON  
FORSETI ÍSLANDS

styðja utanríkisstefnu ríkisins, hún sýnir afstöðu sem er fagnaðar efni fyrir forsætisráðherra. Ég tel að þetta sé ekki sú tegund forseta sem þjóðin þarf á að halda núna.“

## Jóhanna í herferð

Forsetinn ræddi einnig um samband sitt við Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og sagði hana og aðstoðarmann hennar – og raunar Steingrím J. Sigfússon einnig – hafa verið í herferð gegn sér eftir að hann ákvað að vísa Icesave-lögunum til þjóðarinnar í tvígang.

„Eftir að ég tók ákvörðun um Icesave er ljóst að Jóhanna hefur aldrei fyrirgefið og hefur verið í ýmiss konar leiðöngurum gegn mér. Hún telur þetta vera dauðasök,“ sagði hann. Jóhanna hefði meðal annars talað gegn honum á flokksstjórnarfundum Samfylkingarinnar og slík framganga væri líklega



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

einsdæmi. „Og mér þykir þetta leitt, þetta stríð sem Jóhanna telur sig þurfa að vera í gegn mér.“

Þá fullyrti hann að Jóhanna hefði róid öllum árum að því að finna mótframbjóðanda til höfuðs honum.

BJARNI BENEDIKTSSON

## Vísar öllu á bug

Jóhanna Sigurðardóttir vildi ekki tjá sig um ásakanir forsetans í gær en sendi hins vegar frá sér yfirlýsingu þar sem þeim er vísað á bug. „Forsætisráðherra mun ekki blanda sér í kosningabaráttu vegna væntanlegs kjörs til embættis forseta Íslands og mun því ekki bregðast við ummælum sem fram komu í útvarpsviðtali við forsetann í dag,“ segir í yfirlýsingunni.

„Mikilvægt er að sú barátta fari vel og málefnalega fram og umdeildum málum á vettvangi stjórnmalanna sé haldið aðgreindum frá forsetakosningum. Hverjum og einum frambjóðanda er auðvitað í sjálfsvald sett hvernig hann eða hún kys að tjá sig um slík mál eftir atvikum.“

Í samskiptum sínum við núverandi forseta hefur ríkisstjórnin í einu og öllu fylgt stjórnarskrá og mótuðum stjórnskipunarhefðum. Er því óhjákvæmilegt að vísa á bug öllum ásökunum um að annað hafi átt við í samskiptum ríkisstjórnarinnar eða forystumanna hennar og núverandi forseta.“

Stígur Helgason  
stigur@frettabladid.is



Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 24. maí nk., kl. 16.00, á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

## Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Almenn ársfundarstörf
3. Kynning á viðbrögðum sjóðsins við athugasemdum í skýrslu úttektarnefndar Landssamtaka lífeyrissjóða
4. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og réttthafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Reykjavík, 2. maí 2012  
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Hægt verður að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á heimasíðu sjóðsins, [lifeyrir.is](http://lifeyrir.is)

Ársskýrslu og dagskrá fundarins má nálgast á skrifstofu sjóðsins og á [lifeyrir.is](http://lifeyrir.is)

Borgartún 30, 105 Reykjavík  
Sími 510 5000  
mottaka@lifeyrir.is  
lifeyrir.is



## Ásakanir um samsæri ekki svaraverðar

Forsetinn fór hörðum orðum um framgöngu fjölmiðla í viðtalinu, og beindi spjótum sínum sérstaklega að DV og Ríkisútvarpinu. Hann gagnrýndi fréttastofu RÚV harðlega fyrir það að leyfa Svavari Halldórssyni, eiginmanni forsetaframbjóðandans Þóru Arnórsdóttur, að vinna fréttir um forsetakosningarnar eftir að byrjað hefði verið að leggja grunninn að framboði Þóru.

Ólafur Ragnar nefndi sérstaklega frétt Svavars um komandi kosningar sem birtist 20. mars síðastliðinn. Hann sagði að fréttin hefði verið „sérhönnuð og klippt frétt til að sá efasemdum í minn garð, skapa tortryggni út í mitt framboð. Þetta fékk hann að gera á sama tíma og þau höfðu samþykkt að fylgi hennar yrði mælt.“

Óðinn Jónsson, fréttastjóri Ríkisútvarpsins, vísar gagnrýni forsetans á bug. „Ólafur Ragnar Grímsson verður að fá að ráða því hvernig hann hagar baráttu sinni fyrir endurkjöri. Við höfum reynt að vanda okkur og vinna heiðarlega og ég hef ekki heyrt neinar rökstuddar ábendingar um annað.“

Forsetinn nefndi sérstaklega að umrædda frétt væri ekki að finna á sérstökum kosningavef Ríkisútvarpsins og gerði því skóna starfsfólk RÚV skammaðist sín fyrir hana og vildi þess vegna fela hana. Óðinn segir þetta ágæta ábendingu hjá Ólafi. Fréttin hafi aldrei verið á vefnum og því ekki farið á kosningavefinn en því hafi verið kippt í liðinn í gær. „Við höfum ekkert að fela í þessu – öðru nær. Þetta var mjög hlutlaus og yfirveguð frásögn. Ásakanir um að yfirmenn fréttastofunnar taki þátt í samsæri einhverra eru ekki svaraverðar.“



ÓÐINN JÓNSSON



**RISA**  
**TAX FREE**  
**DAGAR**

**SÍÐASTI**  
**SÉNS**

AD GERA GÓÐ KAUP Á RISA TAX FREE DÖGUNUM

**ALLT Í EINNI FERÐ...**

SNYRTIVÖRUR...FATNAÐUR...SKÓR...LEIKFÖNG...  
BÚSÁHÖLD...RÚMFÖT...HANDKLÆÐI...

**...ÁN VIRÐISAUKASKATTS**

**DAGANA 10. - 14. MAÍ**

*Mikið úrval  
af snyrtivörum!*

*Fatnaður og skór  
á alla  
fjölskylduna!*



*Búsáhöld  
fyrir heimilið!*

(Ekki VSK af kertum,  
servíettum og garni)



*Leikföng fyrir  
kátta krakka!*

(Ekki VSK af reiðhjólum)

**TAX**  
**FREE**

**DAGAR**

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út mánudaginn 14. maí 2012.



**HAGKAUP**  
*Ein ferð betra verð*



## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvernig deild segir lögregla og fleiri að skorti innan lögreglunnar?
2. Hvað var þingsályktunartillaga um fækkun ráðuneyta rædd lengi á Alþingi?
3. Hvað heitir rektor Háskólans í Reykjavík?

**SVÖRIN**  
Klukkustundir. 3. Ari Kristinn Jónsson.  
1. Mansals- og vændisdeild. 2. Fjörlitun.

Hönnunartillaga var kynnt:

## Nafnið Eyri bar sigur úr bítum

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** VA arkitektar báru sigur úr bítum í samkeppni um hönnun nýs hjúkrunarheimilis á Ísafirði. Tillagan var kynnt við athöfn í matsal Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á föstudag.

Um leið voru kynnt úrslit í samkeppni um nafn á heimilið. Sigurvegari þar var Magdalena Sigurðardóttir sem lagði til nafnið „Eyri“, að því er fram kemur í tilkynningu frá Ísafjarðarbæ.

- óká

8

Faxaflóahafnir hafa samið við björgunarsveitir við Faxaflóa um styrk og aðstoð:

## Aðstoða sjófarendur á Faxaflóa

**SLYSAVARNIR** Faxaflóahafnir sf. styrkja starfsemi Landsbjargar, Björgunarbátasjóðs Reykjavíkur og fjögurra björgunarsveita við Faxaflóa næstu fimm árin. Skrifað var undir samning þessa efnis á aðalfundi Faxaflóahafna á laugardag. Alls greiða Faxaflóahafnir út á samningstímanum tíu milljónir króna, tvær milljónir hvert ár.

„Auk Landsbjargar og Björgunarsjóðs Reykjavíkur nær samningurinn til Björgunarsveitarinnar Ársæls í Reykjavík, sem hyggur á bátakaup, Björgunarsveitarinnar Kjaljar á Kjalarnesi, Björgunar-

félags Akraness og Björgunarsveitarinnar Brákar í Borgarnesi,“ segir í tilkynningu Landsbjargar og Faxaflóahafna.

„Aðilar samkomulags þessa eru sammála um að veita hver öðrum gagnkvæma aðstoð þegar á þarf að halda vegna björgunar og aðstoðar við sjófarendur, skip og bát á Faxaflóa,“ segir í fyrstu grein samkomulagsins. Þá segir í tilkynningunni að í samkomulaginu felist viðurkenning Faxaflóahafna á mikilvægi björgunarsveitanna og staðfesting á hlutverki þeirra til aðstoðar sjófarendum. - óká



**SKRIFAÐ UNDIR** Um helgina var gengið frá samningi um styrk Faxaflóahafna sf. til björgunarsveita sem hjálpa sjófarendum á Faxaflóa. MYND/LANDSBJÖRG

Skotárás í Afganistan:

## Tveir breskir hermenn féllu

**LONDON, AP** Breska varnarmálaráðuneytið hefur staðfest að tveir hermenn Nato, sem voru skotnir til bana í Afganistan á dögunum, hafi verið Bretar.

Tilræðismennirnir voru klæddir afgönskum lögreglubúningum. Ekki er vitað hvort þeir hafi notað búningana sem dulargervi. Hermennirnir voru skotnir þegar þeir héldu uppi öryggisgæslu á samkomu yfirmanna í sýslunni Helmand. 414 breskir hermenn hafa látið lífið í Afganistan síðan ráðist var inn í landið árið 2001. -fb

### STJÓRNSÝSLA

#### Nýr flugvallarstjóri ráðinn

Hjördis Þórhallsdóttir hefur verið ráðin flugvallarstjóri hjá ISAVIA á Akureyrarflugvelli í stað Sigurðar Hermannssonar. Hann hefur gegnt starfinu frá 1997, en lætur af störfum í haust fyrir aldurs sakir.

#### FSu fær nýjan skólameistara

Menntamálaráðherra hefur skipað Olgu Lísu Garðarsdóttur í stöðu skólameistara Fjölbrotaskóla Suðurlands á Selfossi (FSu), að því er fram kemur á vef skólans. Hún tekur við í ágúst af Örlýgi Karlssyni sem gegnt hefur stöðunni síðustu ár, en hann hefur starfað við skólann frá stofnun hans fyrir rúmum 30 árum.

# Hátt í fimmtíu lík fundust á þjóðvegi

Hátt í fimmtíu lík fundust aflímuð á þjóðvegi við landamæri Bandaríkjanna og Mexíkó. Barátta mexíkóskra eiturlyfjahringja um yfirráðasvæði fer harðnandi.

**MEXÍKÓ, AP** Fjörutíu og níu aflímuð og afskræmd lík fundust í plastpokum á þjóðvegi sem tengir saman borgina Monterrey og bandarísku landamærin. Þetta er enn eitt áfallið í baráttu yfirvalda gegn sífellt versnandi stríði á milli mexíkóskra eiturlyfjagengja.

Skipulögð glæpagengi í Mexíkó skilja oft eftir lík á fjölförnum stöðum til að senda andstæðingum sínum skilaboð. Einhver fórnarlambanna sem fundust á þjóðveginum í gær báru húðflúr Santa Muerte-samtakanna sem eru vinsæl á meðal eiturlyfjasala. Ekki er samt útilokað að fórnarlömbin hafi verið fólk sem ætlaði að flýja yfir landamærin til Bandaríkjanna.

Að sögn lögreglunnar í sýslunni Nuevo Leon var borði skilinn eftir þar sem líkin fundust með skilaboðum frá eiturlyfjahringnum Zetas þar sem hann lýsti ábyrgð fyrir fjöldamorðunum á hendur sér. Erfitt var að bera kennsl á líkin vegna þess að búið var að skera af þeim höfuðin, hendurnar og fætturna.

Barátta mexíkóskra eiturlyfjahringja hefur farið harðnandi að undanförunu. Þeir svífast einkis til að öðlast stjórn yfir svæðunum sem notuð eru til að smygla eiturlyfjum til Bandaríkjanna, auk þess sem þeir berjast um yfirráð á eiturlyfjamarkaðnum heima fyrir.



**Á ÞJÓÐVEGINUM** Vigalegur mexíkóskur lögreglumaður á þjóðveginum þar sem 49 aflímuð lík fundust í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Einnig beita þeir ítrekað fjárkúgunum og herja oft á þá sem reyna að komast ólöglega til Bandaríkjanna.

Í september skildi Sinaloa-hringurinn eftir 35 lík við þjóðveg skammt frá borginni Veracruz og nokkrum dögum síðar fann lögreglan 32 lík til viðbótar skammt frá. Svo virtist sem sami eiturlyfjahringur hafi þar verið að verki. Í nóvember fundust 26 lík í

Guadalajara, sem er svæði þar sem Zetaz- og Sinola-hringirnir hafa barist um yfirráð.

Á síðasta ári fundust 193 lík í fjöldagröf í bænum San Fernando. Talið er að þetta hafi verið flóttamenn sem voru drepnir af Zetashringnum. 72 flóttamenn til viðbótar, margir frá Mið-Ameríku, fundust drepnir í San Fernando árið 2010.

freyr@frettabladid.is

**Sigin Grásleppa**  
Frá Drangsnesi

**Humar 2.350 kr.kg**

**Harðfiskurinn**  
frá Stykkishólmi  
Þessi sjúklega góði

**OPIÐ LAUGARDAGA 10-15.00**

**Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755**

www.volkswagen.is



Polo kostar aðeins frá  
**2.390.000 kr.**

Volkswagen Polo Trendline TDI

# Sparar sig vel

Meðaleyðsla aðeins  
**3,8 lítrar á hverja 100 km\***

\* Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Polo Trendline 1.2 TDI



**Das Auto.**

**Komdu og reynsluaktu Volkswagen Polo**

Laugavegi 170-174 • 590 5000 • hekla.is • hekla@hekla.is • umboðsmenn um land allt



**Reynslan er góð!**



Umsóknarfrestur til **6. JÚNÍ**

PIPARTENVA • SÍA

# BÝR Í ÞÉR TÆKNIFRÆÐINGUR?



Keilir er alhliða menntafyrirtæki með aðsetur á Ásbrú í Reykjanesbæ sem býður vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu. Innan Keilis eru fjögur sérhæfð námssvið; Flugakademía, Íþróttakademía, Tæknifræði og Háskólabrú. Komdu í nútímalegt, metnaðarfullt og skemmtilegt nám. Komdu í Keili!

## TÆKNIFRÆÐINÁM (BS)

Keilir býður upp á fjölfaglegt og hagnýtt tæknifræðinám á háskólastigi sem veitir útskrifuðum nemum rétt til að sækja um lögverndaða starfsheitið tæknifræðingur eftir þriggja ára nám. Nemendur geta valið um mekatróník hátæknifræði eða orku- og umhverfistæknifræði. Námið hentar vel þeim sem hafa verkvit og áhuga á tæknilegum lausnum og nýsköpun.

NÁMSFRAMBOD // ORKU- OG  
UMHVERFISTÆKNIFRÆÐI  
// MEKATRÓNÍK HÁTÆKNIFRÆÐI

KEILIR // ÁSBRÚ // 578 4000 // keilir.net



**Keilir**  
Miðstöð vísinda,  
fræða og atvinnulífs



FRÉTTASKÝRING: Umhverfisráðstefna Sameinuðu þjóðanna – Ríó+20

# Reynt til þrautar að semja fyrir Ríó

Enn setjast þjóðir heimsins að samningaborði um aðgerðir í umhverfismálum í Brasilíu. Ekki er mikil bjartsýni gagnvart útkomunni, en ráðstefnan hefst í júní.

Ríó+20 ráðstefna Sameinuðu þjóðanna verður sett í Brasilíu 20. júní. Þar verður enn einn ganginn reynt að ná samkomulagi um viðbrögð alþjóðasamfélagsins við þeirri staðreynd að loftslag fer hlýnandi af mannavöldum. Nafn ráðstefnunnar vísar í það að 20 ár eru liðin síðan Ríó-ráðstefnan var haldin. Þar var kallað eftir alþjóðlegum samningi um samdrátt í útblæstri gróðurhúsalofttegunda og hann leit dagsins ljós með Kyoto-bókuninni. Hún er nú runnin úr gildi.

## Enn ein ráðstefnan

Og hvernig er svo staðan? Tja, í stuttu máli sagt: útblástur gróðurhúsalofttegunda hefur aukist um 38 prósent frá ráðstefnunni í Ríó 1992. Ýmsu er þar um að kenna.



HEIKO WARNKEN

Sum ríki, eins og Bandaríkin, hafa einfaldlega ekki verið tilbúin í samdrátt, því það þýðir, að þeirra mati, lokun verksmíðja og töpuð störf. Þá hafa þróunarríki bent á þá staðreynd að hlýnun loftslags sé ekki þeim að kenna. Iðnríkin hafi mengað andrúmsloftið óhikað í yfir 200 ár og náð þannig efnahagslegu forskoti. Nú eigi að meina þróunarríkjunum að efla efnahag sinn.

## Lagaleg binding

Heiko Warnken, sem starfar hjá því ráðuneyti Þýskalands sem sér um efnahagslega samvinnu og þróun, segir viðhorf almennings litað af því hve ferlið er þungt í vöfum. Fyrir fólki sé Ríó+20 aðeins enn ein umhverfisráðstefnan sem ekkert kemur út úr.

Warnken segir að Ríó-ráðstefnan árið 1992 hafi verið gríðar-



FORSETAFRAMBJÓÐANDI Útblástur gróðurhúsalofttegunda hefur aukist um 38% síðan Bill Clinton, þá forsetaframbjóðandi, ávarpaði ráðstefnuna árið 1992.

NORDICPHOTOS/AFP

lega mikilvæg og þrátt fyrir allt líti út fyrir að markmið hennar náist. Gallinn við hana hafi verið að engar lagalegar skuldbindingar hafi fylgt hinum háleitu markmiðum. Síðan þá hefur umræðan fyrst og fremst snúist um að koma slíkum bindingum á.

Nú er uppi hugmynd um að koma á sjálfbærnimarkmiðum (e. Sustainable Development Goals), ekki ósvipað Þúsaldarmarkmiðunum (e. Millennium Development Goals). Evrópusambandið styður þá leið og Warnken vonast eftir að sú verði niðurstaðan, en það mundi binda hendur ríkja heims frekar til að sinna málaflöknum. Öflugir andstæðingar séu þó gegn því, ekki síst Bandaríkin.

„Það er ekki hægt að fókusa aðeins á gróða og ætla svo að

bjarga umhverfismálunum síðar. Við þekkjum þá leið og fyrir utan þau slæmu áhrif á umhverfið sem hún hefur í för með sér er hún gríðarlega kostnaðarsöm.“

## Síðasti séns

Ljóst er að væntingar til ráðstefnunnar eru ekki miklar. Til að mynda hefur Angela Merkel, kanslari Þýskalands, tilkynnt að hún hygðist ekki mæta, og líklegt þykir að Françoise Hollande, forseti Frakklands, fylgi í fótspor hennar. Þá þykja engar líkur á því að Obama Bandaríkjaforseti samþykki nokkrar bindingar fyrir Bandaríkin svo skömmu fyrir kosningar þar í landi og því er viðvera hans ólíkleg.

Ekki virðist mikið tilefni til bjartsýni um að náist að semja

um stóra áfanga í Ríó. Í dag hefst í Bonn fundur aðildarríkjanna þar sem reyna á til þrautar að ná samkomulagi. Fulltrúanna bíður erfitt verkefni; af þeim rúmlega 200 atriðum sem semja skal um hefur 21 verið samþykkt. Fyrstu drög lokaskjalsins voru skýr og klár á 17 blaðsíðum. Einstakar kröfur ólíkra ríkja fóru þá að hrúgast inn og skjalið bólgnaði út í 250 blaðsíður en er nú komið niður í 170 blaðsíður. Viðræðurnar í Bonn skipta því miklu fyrir útkomuna.

Engu að síður er litið á ráðstefnuna sem enn einn áfangann á langri leið. Aðildarríkin hittast í desember í Doha á Indlandi og meiri bjartsýni ríkir gagnvart þeirri ráðstefnu. Ulrich Keller, talsmaður Þýska demókrataflokksins í umhverfismálum, telur mun líklegra að samkomulag náist þar en í Ríó, sem hann hefur raunar ekki mikla trú á.

„Það er nauðsynlegt að um 90 prósent útkomu ráðstefnunnar verði ákveðin fyrirfram. Það eru engar líkur á að svo verði nú,“ segir Keller. Hann bendir einnig á að nokkuð vanti upp á að ríki uppfylli fyrri loforð sín í loftslagsmálum. Keller er þó bjartsýnn á að Ríó geti undirbúið jarðveginn fyrir ráðstefnu sem verður í Doha í desember.

## Nokkur árangur hefur náðst

Þrátt fyrir að ekki hafi allt það uppfyllt sem stefnt var að í Ríó árið 1992 hefur þó ýmislegt gerst. Það er orðin viðurkennd staðreynd að gjörðir mannsins hafi haft áhrif á hlýnun loftslags, þrátt fyrir að örfáar efasemdar-raddir heyrist enn. Þá náðist árangur með Kyoto-bókuninni, en hún er nú útrunnin.

Helsti árangur hennar er kerfið sem hún byggir á. Það er til staðar vilji menn nota það; infratrúktúrinn, skuldbindingarnar, gagnsæið, aðkoma allra. „Það þarf einfaldlega raunverulega pólitískan vilja og til þess að hann náist þarf þrýsting almennings. Það er gríðarlega mikilvægt,“ segir Warnken.

Kolbeinn Óttarsson Proppé  
kolbeinn@frettabladid.is



# LÍÐSAUKI Á LÆKKUÐU VERÐI

Afmælistilboð:  
20% afsláttur af  
Lenovo búnaði

Betri  
lausnir í  
20 ár  
1992-2012



**Lenovo Edge 91z**  
Sambyggð tölvu og skjár

- Intel Core i5 2400S 2,5 GHz
- 21,5" skjár og 500 GB diskur
- Práðlaust lykklaborð og mús
- Þriggja ára ábyrgð

**Nú 159.920 kr.**  
Áður 199.900 kr.



**Lenovo Ultraslim Plus**  
Práðlaust lykklaborð og mús

- 2,4 GHz þráðlaus tækni
- Íslenskir stafir
- Nettur nanó-sendir
- Þriggja hnappa mús með skrunhjól

**Nú 8.720 kr.**  
Áður 10.900 kr.



**Lenovo ThinkPad T420i**

- Intel Core i5 2450M 2,5–3,1 GHz
- 14" skjár og 500 GB diskur
- Aðeins 2,2 kg
- Þriggja ára ábyrgð

**Nú 159.120 kr.**  
Áður 198.900 kr.

Nýherji býður **20% afslátt** af völdum vörum í tilefni af 20 ára afmæli sínu. Vikuna 14. – 20. maí bjóðum við afslátt af völdum **Lenovo** búnaði. Komdu við í verslun **Nýherja Borgartúni, Akureyri** eða á [netverslun.is](http://netverslun.is).

Tilboðið gildir 14. maí – 20. maí.

  
**NÝHERJI**



# BAÐ INNRÉTTINGAR

Allt að  
**50%**  
afsláttur



**Hlynur** stærð: 130 x 48 sm

**107.700**  
verð áður 206.255



**S-9010 eik** stærð: 62 x 48 sm

**44.900**  
verð áður 99.800



**YTG44** 95 x 46 sm

**58.900**  
verð áður 117.800

\* Spegill, hilla, ljós og blöndunartæki ekki innifalin í verði

til  
afgreiðslu  
af lager



**SÝNINGAREINTAK**

**TONA kirsuber** stærð: 185 x 48 sm

**91.720**  
verð áður 193.100



**Hnota** stærð: 121 x 48 sm

**Kirsuber fuln.** stærð: 80 x 48 sm

**118.700**  
verð áður 227.198

**74.900**  
verð áður 146.647



**SÝNINGAREINTAK**

**91.720**  
verð áður 193.100

**TONA kirsuber** stærð: 180 x 48 sm

[www.i-t.is](http://www.i-t.is)

**INNRETTINGAR  
& TÆKI**  
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is





**HVÍTIR TÍGRAR** Hvítur tígrishvolpur í kjafti móður sinnar í dýrgarði í Úkraínu. Hvít tígrisdýr eru sjaldgæf.

NORDICPHOTOS/AFP

Enn eitt áfallið í áratugslangri baráttu við að ljúka stríðinu í Afganistan:

## Meðlimur friðarráðsins myrtur

**AFGANISTAN, AP** Byssumaður skaut háttsettan fulltrúa afganska friðarráðsins til bana í höfuborginni Kabúl í gær. Morðið er enn eitt áfallið í áratugslangri baráttu við að binda endi á stríðið í landinu.

Maðurinn sem var myrtur hét Arsala Rahmani og er fyrrverandi talibani sem gerðist samningamaður um frið í Afganistan. Hann var staddur í bíl þegar árásumaður á öðrum bíl myrti hann við gatnamót í vesturluta Kabúl.

Í september í fyrra gengu friðarviðræður til baka þegar fyrrverandi forseti Afganistan,

Burhanuddin Rabbani, sem var yfirmaður friðarráðsins, var drepinn í sjálfsmorðsárás.

Sendiráð Bandaríkjanna í Kabúl sagði á Twitter-síðu sinni að morðið á Rahmani væri harmleikur. Hann var einn af fjörutíu áhrifamiklum Afgönnum og fyrrverandi talibönnum sem Hamid Karzai, forseti Afganistan, réði til að semja við talibana. Rahmani var menntamálaráðgjafi í ríkisstjórn talibana, sem stjórnaði Afganistan í fimm ár og hélt hlífiskildi yfir hryðjuverkasamtökunum al-Kaída allt þar til Bandaríkjamenn



**Á VERÐI** Afganskur hermaður á verði við gatnamótin þar sem Rahmani var drepinn.

MYND/AP

og bandamenn þeirra réðust inn í landið árið 2001.

Ýmislegt er á sig leggjandi:

## Kyngdu saman kíló af kókaíni

**NOREGUR** Tollverðir í Svinesund í Noregi töldu sig nýverið hafa rökstuddan grun um að tveir ferðalangar frá Póllandi hefðu eitthvað að fela. Mennirnir, sem komu akandi frá Svíþjóð, sögðust á leið til Óslóar í atvinnuleit.

Ekkert fannst í fórum þeirra og leit í bifreiðinni bar ekki árangur. Þá voru þeir sendir á sjúkrahús þar sem röntgenmyndataka leiddi í ljós að þeir höfðu samtals gleypt kíló af kókaíni. Mennirnir sitja nú í gæsluvarðhaldi og bíða dóms.

- þj



**STÆÐI Í NOTKUN** Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, tók fyrir helgi nýtt hjólastæði við Hringbraut í notkun.

Áfangi í stærra verkefni:

## Ný hjólastæði tekin í notkun

**SAMGÖNGUR** Þrjú ný hjólastæði hafa verið tekin í notkun við Landspítalann. Stæðin eru við Hringbraut, Landakot og í Fossvogi.

Hjólastæðin eru sögð fyrsti áfanginn í stærra verkefni spítalans sem miðar að því að bæta aðstöðu hjólréiðafólks.

Við Hringbraut er nú rými fyrir 40 hjól í yfirbyggðu hjólastæði.

Við sjúkrahúsið Fossvogi er rými fyrir 26 hjól og unnið er að yfirbyggingu. Við Landakotsþítala er núna pláss fyrir fjórtán reiðhjól í yfirbyggðu stæði.

Á öllum stöðunum þremur stendur svo til að bæta við fleiri hjólréiðastæðum.

- þeb

### LÖGREGLUMÁL

#### Erill vegna ölvunar

Erill var hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu vegna útkalla tengdra ölvun og hávaða á aðfaranótt laugardags. Einn var tekinn vegna líkamsárásar við Dalshraun í Hafnarfirði og flytja þurfti mann á sjúkrahús með blæðandi sár á hnacka. Sá féll aftur fyrir sig af barstól.

#### Ók á móti umferð

Drukinn 17 ára drengur ók bíl á móti umferð á Snorraubraut í Reykjavík laust eftir klukkan þrjú á aðfaranótt laugardags. Lögregla flutti hann í hendur foreldra sinna að lokinni skýrslu- og sýnatöku. Þrír aðrir voru gripnir um nóttina grunaðir um ölvunar- og/eða vímuefnaakstur.

# Helmingurinn vildi sjá þyngri refsingar

Um helmingur aðspurðra í nýrri rannsókn hefði viljað sjá mun þyngri dóm yfir manni sem misnotaði stjúp dóttur sína. Um þriðjungur valdi vægari refsingu. Afbrotafraeðiprófessor segir viðhorf fólks til refsinga skiptast í tvö horn.

**RANNSÓKNIR** Ný rannsókn leiðir í ljós afar ólík viðhorf fólks til refsinga við afbrotum, sér í lagi þegar kemur að kynferðisbrotum. Helgi Gunnlaugsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, kynnti niðurstöður rannsóknar sinnar á 50 ára afmælisráðstefnu Norræna sakfræðiráðsins sem fram fór á Hótel Selfossi í byrjun vikunnar.

„Í ljós kemur djúp gjá í afstöðu fólks til kynferðisbrota gegn börnum,“ segir Helgi um niðurstöðurnar. „Mjög stór hópur er miklu harðari en dómarnir.“

Í rannsókninni var fólk í rýnihópum beðið að lýsa afstöðu sinni til tveggja raunverulegra afbrotamála. Annars vegar er um að ræða konu sem starfaði í banka og notaði aðstöðu sína til að draga sér fé, bæði með því að stofna gervireikninga og til að stela peningum af reikningum fólks. Afraksturinn af gervireikningunum notaði hún til hlutabréfakaupa og nam endanlegt tap bankans 60 milljónum króna. Hitt voru smærri upphæðir. Fyrir dómi fékk hún þriggja ára óskilorðsbundið fangelsi. Í rýnihópunum vildi um fjórðungur sjá þyngri refsingu.

Helmingur aðspurðra vildi hins vegar sjá fimm ára óskilorðsbundið fangelsi, eða jafnvel mun þyngri refsingu, í máli fertugs manns sem misnotað hafði stjúp dóttur sína.

Misnotkunin hófst þegar stúlkan var tíu ára og lauk þegar hún var 15 ára. Maðurinn hafði við stúlkuna samfarir frá því hún var 14 ára. Málið komst upp þegar stúlkan greindi vinkonu sinni frá.



**Á HÓTEL SELFOSSI** Helgi Gunnlaugsson, prófessor við Háskóla Íslands, kynnti niðurstöður nýrrar rannsóknar á viðhorfum Íslendinga til refsinga, á ráðstefnu Norræna sakfræðiráðsins í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKA

„Afstaðan sem í ljós kom í báðum hópum er mjög afgerandi, annars vegar er það rosaleg harka og svo hinir sem telja að nálgast þurfi hlutina á annan hátt.“

**HELGI GUNNLAUGSSON**  
PRÓFESSOR VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Maðurinn brotnaði saman þegar málið komst upp og viðurkenndi allt og var fullur iðrunar. Hann var í góðu starfi og kominn í nýtt hamingjuríkt samband þegar að dómi kom. Hann var þá dæmdur í 18 mánaða óskilorðsbundið fangelsi.

„En síðan var þarna í rýnihópunum þriðjungur sem bara vildi ekki fangelsisrefsingar og kaus fremur aðrar leiðir,“ segir Helgi og kveður það fólk fremur hafa horft til betrunarúræða og mýkri leiða. „En afstaðan sem í ljós kom í báðum hópum er mjög afgerandi, annars vegar er það rosaleg harka og svo hinir sem telja að nálgast þurfi hlutina á annan hátt.“

Rannsókn Helga er hluti af stærri norrænni rannsókn, en niðurstöður hennar leiða í ljós heldur meiri refsigleði en í þeirri norrænu. Í hvoru máli fyrir sig voru þrjú rýnihópar, á aldrinum 18 til 29 ára, 30 til 49 ára og 50 til 74 ára, alls um 30 manns í hvoru máli.

olikr@frettabladid.is



**NÝJUNG Í EGYPTALANDI** Amr Moussa og Abdelmoneim Abul Fotouh í sjónvarpskappræðum.

NORDICPHOTOS/AFP

Kappræður í sjónvarpi:

## Egyptar spá í forsetakjörið

**EGYPTALAND, AP** Tveir forsetaframbjóðendur mættust í sjónvarpskappræðum í Egyptalandi fyrir helgina. Þetta er í fyrsta skiptið í sögunni sem Egyptar upplifa þessa tegund kosninga-baráttu og þá opinskáú gagnrýni sem henni getur fylgt.

Þeir Amr Moussa, fyrrverandi leiðtogi Arababandalagsins, og Abdelmoneim Abul Fotouh, sem er hófsamur múslimi, skutu föstum skotum hvor á annan.

Ágreiningur þeirra í kappræðunum snerist einkum um hlutverk trúarbragða í samfélaginu og hvernig eigi að koma á lýðræðisumbótum í Egyptalandi.

- gb

Norskir pingmenn:

## Fíkniefnaleit í skólum óheimil

**NOREGUR** Tillaga Hægri flokksins í Noregi um heimild lögreglu til fíkniefnaleitar með hundum í skólum var fyrir helgi felld á norska þinginu. Skriflegt samþykki nemenda verður að liggja fyrir slíkri leit. Séu nemendur yngri en 16 ára verður að fá samþykki foreldra.

Lögreglan hefur birst skyndilega með hunda í skólum víða um Noreg. Í fyrra voru 29 nemendur handteknir við slíka fíkniefnaleit í Ósló en óvissa hefur ríkt um heimild lögreglu til hennar.

Nemendafélög mótmæltu til lögunni harðlega og sögðu aðgerðir lögreglu niðurlægjandi.

- ibs

# VIRKUR VERÐBRÉFAMARKAÐUR

Fundur í Turninum Kópavogi, 20. hæð - 15. maí 2012 - kl. 8.15-10.15

Tilgangur • Forsendur • Tækifæri  
Nóv. 2011 • Maí 2012 • Okt. 2012

Fundarröð Deloitte, Kauphallarinnar og Viðskiptaráðs Íslands um mikilvægi virks verðbréfamarkaðar á Íslandi.

Á þessum fundi verður farið yfir forsendur virks verðbréfamarkaðar. Á síðasta fundinum verður fjallað um þau tækifæri sem þar felast.

Setning fundar:

**Knútur Þórhallsson**, stjórnarformaður Deloitte.

Fundarstjóri:

**Finnur Oddsson**, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Aðgangseyrir er kr. 3.500 með morgunverði sem hefst kl. 8.00.

Skráning á [skraning@deloitte.is](mailto:skraning@deloitte.is)

Fundarmenn:

**Páll Harðarson**, forstjóri NASDAQ OMX Iceland

- Fjármögnun og framtíðin

**Hreiðar Bjarnason**, framkvæmdastjóri markaða

og fjárfstýringar hjá Landsbankanum

- Áhrif gjalddeyrishafta á virkni verðbréfamarkaðar

**Sigurður Páll Hauksson**, endurskoðandi hjá Deloitte, formaður FLE

- Breyttir tímar í endurskoðun

**Gísli Hauksson**, framkvæmdastjóri hjá GAMMA

- Einsleitir verðbréfamarkaður frá hrúni

**Örn Valdimarsson**, forstöðumaður greiningar hjá Eyrir Invest

- Hvað veur áhuga fjárfesta?



**Deloitte.**

**NASDAQ OMX**



*Gakktu í bæinn*

**MENNINGAR**

**NÓTT**



**18.08 • 2012**

## Ertu með hugmynd?

Auglýst er eftir áhugasömum og frumlegum hugmyndasmiðum til þess að fylla inn í viðburðalandslag Menningarnætur 2012. Á torgum, götum, í húsasundum og gördum, í galleríum, verzlunum, menningarstofnunum og heimahúsum munu viðburðir af öllum toga fylla miðborgina lífi.

## Menningarnæturpottur Landsbankans

Veittir verða styrkir úr Menningarnæturpottinum til einstaklinga og hópa sem hafa hug á því að skipuleggja fjölbreytta og áhugaverða viðburði á Menningarnótt.

Menningarnæturpotturinn er samstarfsverkefni Höfuðborgarstofu og Landsbankans sem verið hefur máttarstólpi hátíðarinnar frá upphafi. Rennur allur fjárstuðningur bankans til listamanna sem koma fram á Menningarnótt.

Opnað verður fyrir styrkumsóknir mánudaginn **14. maí** á vefsíðu hátíðarinnar [www.menningarnott.is](http://www.menningarnott.is) en umsóknarfrestur um styrki rennur út mánudaginn **18. júní**. Tekið verður á mót almennum umsóknum um þátttöku fram til **23. júlí**.

Hlutverk Höfuðborgarstofu er að halda utan um alla almenna skipulagningu, leyfisveitingar og kynna viðburði hátíðarinnar. Nánari upplýsingar veita:  
Guðmundur B. Halldórsson, [gummi@visitreykjavik.is](mailto:gummi@visitreykjavik.is)  
og Karen M. Jónsdóttir, [karen@visitreykjavik.is](mailto:karen@visitreykjavik.is)





Forsetinn í pólitískum árásarham:

## Skýrar línur

Ólafur Ragnar Grímsson forsetaframbjóðandi birtist landsmönnum í gamalkunnugum, pólitískum árásarham í útvarpsþættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gærmorgun. Hann gagnrýndi þar einkum og sér í lagi Þóru Arnórsdóttur mótframbjóðanda sinn býsna harkalega. Hann talar harðar um mótframbjóðendurna en þeir hafa talað um hann.

Ólafur ætlar að heyja alvöru kosningabaráttu; opna kosningamiðstöð, fara í fundaherferð um landið, opna heimasíður og nýta samfélagsmiðla eins og flestir mótframbjóðendur hans gera.

Þetta kann að koma einhverjum á óvart, því að yfirleitt þegar sitjandi forseti hefur fengið mótframbjóðendur hefur hann ekki farið í neinn slag við andstæðingana, heldur gætt orða sinna og haldið áfram að vera forsetalegur. Nú er tilfellið hins vegar að skoðanakannanir sýna að Ólafur getur orðið undir í kosningunum. Hann telur sig því væntanlega ekki eiga annan kost en að bita frá sér.

### SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



Ólafur Ragnar hyggst hefja kosningabaráttu sína í sjávarplássinu Grindavík og ætlar greinilega að nýta sér óvinsældir kvótafrumvarpa ríkisstjórnarinnar á landsbyggðinni. Hann gefur í skyn að hann kunnir að synja lögum um breytingar á fiskveiðistjórnuninni staðfestingar og segir það mál henta öðrum betur til að setja í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það er rétt hjá Ólafi Ragnari að spurningin um þjóðareign á fiskimiðunum og gjald fyrir afnot af þeirri auðlind getur átt fullt erindi í þjóðaratkvæðagreiðslu. Eins og málið liggur hins vegar nú fyrir á Alþingi, þar sem blandað er saman annars vegar þessu grundvallaratriði og hins vegar margvíslegum breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu, liggur það ekki beint við. Sá sem er hlynntur skýrari lagaákvæðum um þjóðareign og afnotarétt getur verið alveg andvígur breytingum á fiskveiðistjórnuninni sem slíkri. Þess vegna er þjóðaratkvæðagreiðsla sem kæmi í kjölfar synjunar forseta á lögum ekki til þess fallin að leggja skýrar línur í því máli.

Ólafur Ragnar ætlar greinilega að spila á óvinsældir núverandi ríkisstjórnar, meðal annars með því að vísa til ummæla andstæðings síns Þóru um að hún telji ekki að forsetinn eigi að ganga gegn utanríkisstefnu sitjandi ríkisstjórnar. Það er auðvitað hans útlekking á hlutverki forsetans og í fullu samræmi við það hvernig hann telur forsetann eiga að reka sjálfstæða pólitík. Þeir mótframbjóðendur hans sem mælast með mest fylgi, Þóra og Ari Trausti Guðmundsson, tala hins vegar fyrir hefðbundnari túlkun á forsetaembættinu og ætla sér augljóslega fremur hlutverk sameiningartáknansins. Ólafur Ragnar hefur rétt fyrir sér um það að í kosningunum eru línur að þessu leyti skýrar. Margir kjósendur munu vafalaust láta það ráða atkvæði sínu hvora útgáfuna af forsetaembættinu þeir kjósa fremur.

Hugsanlega mun hinn árásarjarni málflutningur hjálpa Ólafi Ragnari að rétta hlut sinn á þeim tæplega sjö vikum sem eru til kosninga. En það er líka til í dæminu að hann hafi fært öðrum frambjóðendum tækifæri til að setja sig í forsetalegri stellingar með því að afþakka boðið um að láta draga sig ofan í pólitíska drullupollinn sem forsetinn ætlar nú greinilega að ösla í gegnum.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Bestu og verstu

Stéttarfélagið SFR hefur venju samkvæmt útnefnt stofnanir ársins. Niðurstöðurnar byggja á margþættri könnun meðal starfsfólks á gæðum vinnustaðarins. Sérstakur saksóknari má vel við una, enda trónir hann á toppnum meðal stórra stofnana annað árið í röð. Persónuvernd og Landmælingar Íslands eru síðan bestu vinnustaðirnir í flokkum smárra og meðalstórra stofnana. Á hinum endanum eru stofnanir þar sem einhverjir þurfa að líta í eigin barm – til dæmis Sýslumaðurinn á Eskifirði, Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi, Landlækniseimbættið og

Vinnuálastofnun, sem ætti reyndar kannski öðrum stofnunum fremur að gæta þess að andrúmsloftið á vinnustaðnum sé gott.

#### Hvað breyttist?

Ólafur Ragnar Grímsson hóf kosningabaráttu sína í gær með látum. Áður hafði komið fram að það hygðist hann ekki gera fyrr en framboðsfrestur rynni út 25. maí. Þangað til eru enn ellefu dagar. Forsetinn er í stuði og það er óneitanlega hressandi að fá hann í slaginn, en það væri samt gaman að vita hvað breyttist.



#### Kaffi í Ráðherrabústaðnum

Þingflokkur Hreyfingarinnar mætti – eins og hann leggur sig – á vinnufund ríkisstjórnarinnar í gær. Það er óvenjulegt og gerist varla nema mikið liggir við. Steingrímur J. Sigfússon gerði samt lítið úr því – sagði að þau hefðu verið að diskútera stjórnarskrármál, en þó alls ekki vegna þess að ríkisstjórnin óttaðist að hafa ekki meirihluta fyrir málinu á þingi.

Eins og þau hafi bara lítið við í sunnudagskaffi. Auðvitað er það samt ekki málið. Menn hafa ekki samráð við stjórnarandstöðuna að ástæðulausu, eins og mun eflaust koma í ljós á næstu dögum. stigur@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Verðvernd er rökleysa

### Viðskipti



Ólafur Hauksson  
almannatengill

Verðvernd verslana er fullkomin rökleysa. Þeir sem auglýsa verðvernd bjóða nefnilega ekki lægsta verðið hjá sjálfum sér, heldur hjá öðrum – hjá keppinautum sínum. Ómerkilegri auglýsingabrella er vandfundin.

Sá sem býður verðvernd getur þess vegna verið með hæsta verðið. Eina lofordið sem felst í verðvernd er að ef viðskiptavinur finnur lægra verð annars staðar þá fær hann mismuninn kannski endurgreiddan.

Verðvernd er ódýr markaðssetning, því fólk hefur sjaldnast ávinning af ómældri fyrirhöfn sinni. Dæmi: Viðskiptavinur kaupir vöru á 6.000 kr. í verðverndarverslun og finnur sambærilega vöru á 5.500 kr. í annarri. Hann þarf þá að útvega sönnun fyrir ódýrari vörunni, hún má ekki vera á tímabundnu tilboði og ekki

til sölu á netinu. Með kvittun eða auglýsingu í hönd þarf viðskiptavinurinn að fara aftur í verðverndarverslunina. Ef krafa hans er samþykkt (sem er alls ekki víst), þá fær viðskiptavinurinn 500 kr. mismuninn endurgreiddan og svo til viðbótar 10-12% af lægri upphæðinni. Samtals rúmlega þúsund krónur. Hugsanlega, en varla þó, dugar peningurinn fyrir bensíninu í þessar viðbótarferðir. Tímakaup: núll krónur.

Það getur seint talist hagkvæmt fyrir fólk að fara þrjár ferðir til að fá lægsta verðið. Að því leyti stríðir verðvernd gegn markmiðum samkeppnislaga um að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins.

Eina skynsamlega verðverndin er auðvitað að neytendur beri saman verð milli verslana áður en þeir kaupa.



Eina skynsamlega verðverndin er auðvitað að neytendur beri saman verð milli verslana áður en þeir kaupa.

www.ms.is



# Fjörmjólk



Með D-vítamíni sem hjálpar þér að vinna kalkið úr mjólkinni. Meira fjör með Fjörmjólk!

Fáðu D-vítamín úr Fjörmjólk!



# Það gefur á bátinn ...

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
ríthöfundur



Það eru ekki margar stéttir sem njóta almennrar virðingar í samfélaginu. Kannski bændur upp að vissu marki – við verðum örlítið dreymin á svip þegar við hugsum til þeirra og kannski lifna gamlar markaskrár í hausnum en ætli það nái öllu lengra; kannski umönnunarstéttir – kannski líka kennarar – en sú virðing á meira skylt við almenna velvild og þakklæti en að fólk líti beinlínis upp til stéttanna.

Íslendingar hafa aldrei skilið fínt fólk. Þegar fólk var að reyna að taka sér aðalssess í samfélaginu á almestu markaðshyggjuárunum upp úr síðustu aldamótum var það hlegið ofan af sviðinu. Við munum segja sögur af útrásarvíkingunum að minnsta kosti næstu þrjú hundruð árin. Allir vita hvernig komið er fyrir stjórnmalá mönnum í almenningsálitinu og hið sama gildir um aðrar yfirstéttir: þær njóta lítills virðingar.

Ein er þó sú stétt sem Íslendingar bera almennt virðingu fyrir. Það eru sjómenn.

## Gjöf og ágjöf

Þegar ég var lítill höfðu sjómenn sérstakan óskalaþátt í útvarpinu – einir stétta – og maður hlustaði þar opinmyntur á 14 fóstbræður tralla um Þórð sjóara sem elskaði þilför og einhvern bát sem gefið var á við Grænland. Þetta var á þeim árum þegar þurfti orðskýringar við íslenska dægurlagatexta og ekki fyrr en löngu síðar að rann upp fyrir manni að ágjöf er engin gjöf.

En gjöfum gefa fylgt ágjafir. En sem sagt: sjómenn. Það þurfti efnahagshrun til að hrófla við sjómannaafslættinum og þær raddir voru strjalar og veikar sem mótmæltu honum. Um ekkert starf leikur viðlíka óttablandinn ljómi í vitund margra landsmanna; sjómenn eru hetjur hafins sem leggja á sig hættur, fjarvistir, vosbúð og erfiði til að færa björg í bú og má þá einu gilda þó að dregið hafi til allrar hamingju úr hættum og fjarvistum og allur aðbúnaður hafi batnað mjög hin seinni ár til sjós. Sjómenn eru eina stéttin sem þjóðinni þykir í rauninni vænt um. Hver sem við erum, hvar og hvernig: við tengjumst flest sjómönnum á einhvern hátt og finnst við vera þeim skuldbundin – höfum jafnvel samviskubit yfir því að vera ekki til sjós.

Það er því eitthvað verulega óþægilegt við auglýsingu þar sem sýnd er íslensk sjómanna-fjölskylda og spurt: Hvað höfum við gert ykkur? Og látið sem svo að stuðningsmenn veiðigjalds vilji taka lífsbjörgina frá íslenskum sjómönnum, gott ef ekki hrifsa matinn frá litlu sjómannaörnunum. Þessi auglýsing er svo ofyrirleitin í viðleitni sinni til að spila á kenndir landsmanna í garð sjómanna að leitun er á öðru eins.

## Hættum að froðufella

Er kannski að verða tímabært að fara að tala saman öðruvísi

en með auglýsingastofum? Er hugsanlega hægt að reyna að tala saman um þessi mál af smá yfirvegum? Þessi stöðugi öfriður um undirstöðuáttavinnuveg og helstu auðlind þjóðarinnar eittrar andrúmsloftið í þjóðfélaginu meira en við gerum okkur sennilega grein fyrir. Þessum tryllta málflutningi verður að linna: við getum ekki staðið svona endalaust og gargað hvert á annað.

Útgerðarmenn verða að horfast í augu við það í eitt skipti fyrir öll að auðlindin sjálf er í þjóðareigu og bæði sanngjarnt og rétt að þeir greiði fyrir nýtingu á henni. Sjómenn og aðrir sem starfa við sjávarútveg verða að átta sig á því að það jafngildir ekki því að ætla að rústa lífi þeirra að vilja ekki að útgerðarmenn geti umgengist þessa sameign þjóðarinnar sem privat-eign sína sem þeir geti veðsett og ráðstafað að vild. Þeir verða líka að horfast í augu við að fólk þarf ekki að kunna pelastikk til að hafa skoðanir á þessum málum. Þetta kemur öllum við.



Þegar ég var lítill höfðu sjómenn sérstakan óskalaþátt í útvarpinu – einir stétta – og maður hlustaði þar opinmyntur á 14 fóstbræður tralla um Þórð sjóara sem elskaði þilför og einhvern bát sem gefið var á við Grænland.

Fylgjendur veiðigjalds verða að leggja eyrun við málflutningi þeirra sem vinna við sjávarútveg og viðurkenna að arðsemi verður að vera góð í greininni, góð laun fólks í landi og á sjó (mætti kannski jafna þann mun aðeins) og gróði útgerðarinnar þarf að vera verulegur. Það þarf kannski ekki að tönlast svona á þylrunni hans Guðmundar í Brimi og eignahaldsfélögunum á Tortola sem við vitum að ýmsir útgerðarmenn hafa notað til að skjóta undan gróða. Við vitum að fjöldi útgerðarmanna hefur lagt sig fram um að reka fyrirtæki sín vel og heildarlega, greitt sín gjöld, skapað mikil verðmæti, keypt sinn kvóta með

ærunum tilkostnaði og byggt upp sinn rekstur af hagsýni og áhuga en óttast nú um sinn hag.

Þetta er ekki spurning um landsbyggð og Reykjavík – enda búa kvótaeigendur unnvörpum fyrir sunnan og Reykjavík er stærsta höfn landsins, svo að rangt er að tala um landsbyggðarskatt. Unnendur núverandi kerfis – ekki síst þingmenn Vestfjarða – þurfa að svara því hvers vegna kvótinn hefur í æ rífkari mæli sogast suður til Reykjavíkur; hvers vegna sífellt erfiðara verður að halda uppi lágmarkspjónustu í dreifðum byggðum landsins – hvers vegna Guggan er ekki lengur gul og hvað þá gerð út frá Ísafirði.

AF NETINU

## Umræða um umræðu



Það er mjög mikil þörf á að bæta „umræðuna“ hér á landi, og eitt það gagnlegasta sem hægt væri að gera

væri ef fólk hætti að búa sér til andstæðinga – það er að segja leggja mótstöðumönnum sínum orð í munn, og slást svo við ímyndaða andskota, í stað þess að takast með rökum á við það sem mótstöðumaðurinn segir.

[blog.eyjan.is/illugi](http://blog.eyjan.is/illugi)

Illugi Jökulsson

## Þröng staða

Hér hefur því verið haldið fram að kosningabaráttan stofnaði forsetaembættinu í hættu vegna aðferða Ólafs Ragnars við að brjótast úr þröngri stöðu. Þetta hefur sannast fyrsta daginn sem Ólafur Ragnar fer af stað. Hann ætlar greinilega að kæfa alla andstöðu við sig með leiftursókn og setur virðingu embættis forseta Íslands ekki fyrir sig í því sambandi.

[www.bjorn.is](http://www.bjorn.is)

Björn Bjarnason



## FYRIR ELDRI BORGARA

Glæsilegar þjónustu- og öryggisíbúðir með sjávarútsýni  
Rúmgóðar þriggja herbergja íbúðir

Að Hraunvangi í Hafnarfirði eru lausar örfáar glæsilegar þjónustu- og öryggisíbúðir í tvemur þriggja hæða húsum með lyftu. Húsin standa á fallegum stað við Hrafnistu. **Þetta eru rúmgóðar þriggja herbergja íbúðir með glæsilegu sjávarútsýni og eru á hagstæðu verði.**

Íbúðirnar eru boðnar til leigu, auk leigu er greitt fyrir 30% afnotarétt og er sú greiðsla verðtryggð og er endurgreidd við flutning skv. nánari reglum. Leigjendur geta fengið húsaleigubætur skv. gildandi reglum.

## Góðir kostir

- Rúmgóðar, vandaðar og bjartar íbúðir
- Innangengt til Hrafnistu
- Aðgangur að þjónustu hjúkrunarfræðinga
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn
- Sjúkraþjálfun og tækjasalur
- Matsalur
- Sundlaug og heitir pottar
- Hárgreiðslustofa
- Fótaaðgerðarstofa
- Fjölbreytt félagslíf
- Þúttvöllur
- Fjölbreyttar gönguleiðir
- Lokaður bílajakallari

## Þjónustuíbúðir í Boðáþingi

Eigum einnig nokkrar glæsilegar þriggja herbergja íbúðir með yfirbyggðum svölum við Boðáþingi í Kópavogi.

## Sýndar alla virka daga

Lausar íbúðir eru sýndar áhugasömum alla virka daga. Hafið samband í síma 585 9301 og 585 9302 á skrifstofutíma eða sendið tölvupóst til [asgeir.ingvason@hrafnista.is](mailto:asgeir.ingvason@hrafnista.is). Sjá nánar á heimasíðunni [hrafnista.is](http://hrafnista.is).

[www.hrafnista.is](http://www.hrafnista.is)



Sjómannadagsráð  
í Reykjavík og Hafnarfirði



dás HRAFNISTA  
Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur



Barnaheill  
Save the Children & Iceland

Við erum að...  
ofdrætur er ein  
bílíngurinn var þessu?





**69 ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** forseti Íslands er 69 ára í dag. „Ég hef aldrei litið á forsetaembættið sem hefðarembætti heldur fyrst og fremst lýðræðislega þjónustu við fólkið í landinu.“  
Í viðtali við Fréttablaðið 5. mars 2012.

## Merkisatburðir

- 1919 Átta klukkustunda vinnudagur lögfestur í Danmörku.
- 1922 Fimm skip fórust og með þeim 44 sjómenn í norðan ofsavæðri, sem gekk yfir norðan- og austanvert landið.
- 1948 David Ben-Gurion, forsætisráðherra lýsti yfir stofnun Ísraelsríkis.
- 1955 Varsjárbandalagið var stofnað í Varsjá í Póllandi. Stofnríki voru Sovétríkin, Pólland, Austur-Pýskaland, Tékkóslóvakía, Ungverjaland, Rúmenía, Búlgaría og Albanía. Tilgangur þess var að vera mótvægi við Atlantshafsbandalagið (NATO).
- 1959 Pétur Ottesen, sem verið hafði þingmaður lengur en nokkur annar, eða í 43 ár, hætti þingmennsku.
- 1965 Fokker Friendship-flugvél Flugfélags Íslands, sú fyrsta sinnar tegundar, kom til landsins, en slíkar vélar voru síðan notaðar í innanlandsflugi á áratugi.

PETTA GERÐIST: 14. MAÍ 1643

## Loðvík 14 verður konungur Frakklands

Loðvík 14. (5. september 1638 – 1. september 1715) var konungur Frakklands og Navarra frá 14. maí 1643 þar til hann lést, eða frá fjögurra ára aldri þar til hann var nærri sjötíu og sjö ára gamall. Hann ríkti því í sjötíu og tvö ár og 110 daga, lengur en nokkur annar franskur konungur eða nokkur annar af helstu einvöldum Evrópu.

Hann tók þó ekki persónulega við valdataumunum fyrr en Mazarins kardináli lést árið 1661 en hann hélt um stjórnartaumana fyrstu 23 árin. Loðvík

14. var þekktur sem „sólkonungurinn“ (Le Roi Soleil), „Loðvík hinn mikli“ (Louis le Grand) eða sem „hinn mikli einvaldur“ (Le Grand Monarque). Hann er einnig þekktur fyrir að eiga að hafa sagt „Ríkið, það er ég“ („L'État, c'est moi“) en þó er það ekki staðfest með heimildum heldur frekar til merkis um almæði stjórnunarháttá hans og ríkulegt sjálfsálit.

Í valdatíð hans voru Frakkar leiðandi þjóð í Evrópu. Er hann lést tók barnabarn hans við krúnunni en Loðvík 14 lifði son sinn og sonarson.



SÖGUPINGIÐ Þjónar meðal annars sem vettvangur fyrir kynningu á nýjustu rannsóknum í íslenski sagnfræði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Söguping í júní

Fjórða íslenska sögupingið verður haldið í húsakynnum Háskóla Íslands dagana 7. til 10. júní næstkomandi. Þingið þjónar sem vettvangur fyrir kynningu á niðurstöðum nýjustu rannsókna í íslenski sagnfræði, veitir yfirlit yfir stöðu þeirra nú og þar er rætt um hvert stefnir í rannsóknum á sviðinu.

Á þinginu verða í boði á þriðja tug málstofa um hin ýmsu efni með yfir nútíu fyrirlesturum. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands hefur boðið þremur heimspekknum sagnfræðingum til þingsins, þeim Lindu Colley, prófessor við Princeton-háskóla, David Cannadine, prófessor við Princeton-háskóla og Geoff Eley, prófessor við háskólann í Michigan í Bandaríkjunum. Linda Colley mun flytja Jóns Sigurðssonar-fyrirlesturinn þetta árið. Þar að auki munu tveir erlendir fyrirlesarar tala á opinni málstofu um Evrópumál, sem styrkt er af Evrópustofu. Þetta eru þau Anne Katherine Isaacs, prófessor við háskólann í Písa, og Anne Deighton, prófessor við háskólann í Oxford. Að síðustu mun Karl-Erik Frandsen, lektor við Kaupmannahafnarháskóla, tala í málstofu um sjúkdómafaraldra á fyrri tíð.

Hægt er að skrá sig á heimasíðu þingsins, [www.akaemia.is/soguthing](http://www.akaemia.is/soguthing).



ÁSTA BJÖRNSDÓTTIR Segir mikinn áhuga á klassískum ballett hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BALLETTSKÓLI SIGRÍÐAR ÁRMANN: FAGNAR SEXTUGSAFMÆLI

## Nemendur frá þriggja ára aldri

Ballettskóli Sigríðar Ármann var settur á laggirnar fyrir 60 árum síðan. Skólinn fagnaði tímamótunum með veglegri nemendasýningu í Borgarleikhúsinu á dögnum og sýningu í Tjarnarbíói í haust. „Nemendasýningin var með nokkuð hefðbundnu sniði en hófst þó á sýningu á myndum úr sögu skólans og dansarnir höfðu flestir verið fluttir áður á danssýningum skólans,“ segir Ásta Björnsdóttir, skólustjóri Ballettskólans. „Í Tjarnarbíói voru dansatriði nemenda auk fróðleiks um sögu skólans og danslistar sem Jóhanna Vígdís Arnardóttir leikkona flutti.“

Ásta, sem er dóttir stofnandans Sigríðar Ármann, hefur starfað við kennslu í skólanum allt frá því að hún lauk ballettkennaranámi í London árið 1982. Hún tók svo við skólustjórn af móður sinni fyrir rúmum áratug.

„Ég byrjaði í dansnámi sem lítið barn og hef verið viðloðandi skólanum síðan,“ segir Ásta sem var á leið í kennslu síðdegis á föstudegi þegar Fréttablaðið sló á þráðinn. „Maður þarf eiginlega að snúa við deginum þegar maður starfar sem danskennari, við erum á leið í vinnu þegar flestir eru á leið heim úr vinnu. En ég kvarta ekki yfir því enda þekki ég ekki annað,“ segir Ásta en auk hennar kenna fimm kennarar við skólanum.

Ballettskóli Sigríðar Ármann hefur alla tíð sérhæft sig í klassískum ballett og lagt áherslu á vandvirgni, nákvæmni og aga. Leiðarljósið hefur verið að miðla því að ballett væri uppbyggileg, spennandi og skemmtileg listgrein.

Að sögn Ástu var venjan sú að taka inn nemendur frá átta ára aldri en fyrir 20 árum var settur á laggirnar forskóli fyrir fjögurra til sex ára.



BALLERÍNUR Úr afmælisýningunni í Borgarleikhúsinu á dögnum.

Fyrir nokkrum árum var síðan bætt við ballettleikskóla fyrir þriggja til fjögurra ára. „Það er alltaf vinsælt að kenna litlum stelpum, þær læra ballettæfingar og ganga um leið inn í ævintýra- og leikhúsheim. Undir hljómar píanóleikur en ég hef lagt áherslu á að hafa píanóleikara í yngstu tímum, stelpunum finnst það meiri háttar,“ segir Ásta. „Strákarnir eru sjaldséðir en það er einn og einn sem mætir í tíma, ballettinn þyrfti sannarlega að komast í tísku hjá strákum.“

Þær yngstu æfa einu sinni í viku en eldri hópar tvisvar til þrisvar. Á hefðbundnum námskeiðum skólans eru nemendur frá þriggja ára og upp í 25. En einnig hefur Ásta boðið upp á námskeið fyrir eldri nemendur og fullorðna byrjendur sem hafa áhuga á að æfa og læra klassískan ballett. Og aðsóknin er góð. „Það er með ólíkindum hvað er mikill áhugi á klassískum ballett hér á landi, miðað við hve tækifærin til að horfa á hann eru fá,“ segir Ásta að lokum.

sigridur@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN KARLSDÓTTIR**  
áður til heimilis að Dalatanga 6  
Mosfellsbæ,

er lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 8. maí verður jarðsöngin föstudaginn 18. maí kl. 13.00 frá Guðríðarkirkju Grafarholti. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.



Jón Vigfússon

Edda Melax  
Stefán Már Jónsson  
Kolbrún Jónsdóttir  
barnabörn og barnabarnabarn.

Günter Schmid  
Hrefna Lind Borgþórsdóttir  
Bæring Sigurbjörnsson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HELGA VALBORG PÉTURSDÓTTIR**  
Holtateigi 28, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 8. maí. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 18. maí kl. 10.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjúkrahúsið á Akureyri. Alúðarpakkir til starfsfólks Sjúkrahússins fyrir góða umönnun og hlýju.



Þú lifir í hjörtum okkar  
Arnbjörn Björnsson

Anna Sigríður Arnþórsdóttir  
Birna Margrét Arnþórsdóttir  
Drífa Þuríður Arnþórsdóttir  
ömmu og langömmubörn.

Tryggvi Jónsson  
Steinar Magnússon  
Mark Siddall



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## BLÁA LÓNIÐ STYÐUR VIÐ HÖNNUN

Bláa lónið og Hönnunarmiðstöð Íslands hafa gert með sér samstarfssamning. Hönnun skipar mikilvægan sess í starfsemi Bláa lónsins og hefur hönnun fyrirtækisins hlotið margar viðurkenningar. Með samstarfinu vill Bláa lónið stuðla að því að efla íslenska hönnun frekar.

MABEF

LISTALAGERINN  
JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.  
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900. www.jarngler.is



## VITUND ALÞJÓÐA

**MARGIR Á HÖNNUNARMARS** Fleiri mættu á Hönnunarmars í ár en í fyrra. Hátíðin hefur fest sig í sessi og er nú ein af fjórum stærstu hátíðum ársins.

**H**önnunarmars hefur fest sig í sessi sem einn af stærstu viðburðum ársins í íslensku menningarlífi. „Við fengum fleiri á hátíðina nú en í fyrra en þá mættu um þrjátíu þúsund manns sem eru tíu prósent þjóðarinnar. Vitund þjóðarinnar um hönnun sem atvinnugrein er að aukast og hönnuðir og aðstandendur viðburðarins eru mjög ánægðir með viðtökunum.“ segir Greipur Gíslason, verkefnastjóri Hönnunarmars hjá Hönnunarmiðstöð Íslands.

Viðburðurinn í ár fékk töluverða umfjöllun í erlendum miðlum og hefur umfjöllunin aukist ár frá ári. „Markmiðið með Hönnunarmars er að vekja athygli á íslenskrum hönnun bæði hérlendis og erlendis. Öll umfjöllun er góð og það er gott að geta bent á og vísað í umfjöllun um íslenska hönnun í fjölmiðlum erlendis.“

Greipur segir að aðstandendur há-

tíðarinnar hafi fundið fyrir miklum áhuga fagaðila erlendis frá. Hátíðin þykir sérstök og íslensk hönnun áhugaverð. Hönnuðirnir sem tóku þátt í síðustu hátíð hafa fengið fleiri fyrirspurnir eftir hana að sögn Greips. Umfjölluninni fylgir ákveðin vakning meðal almennings í útlöndum. Við vitum af skipulögðum hópum sem komu á síðustu hátíð en aðalatriðið er að öll umfjöllun vekur athygli, þó ferðamennirnir komi ekki endilega á ákveðinn atburð eins og Hönnunarmars eða Iceland Airwaves eða Listahátíð þá sjá þeir sem áhuga hafa á þessum viðburðum umfjöllun um þá í erlendum miðlum og láta verða af því að koma til landsins.“

„Við hjá Hönnunarmiðstöð erum fyrst og fremst að reyna að búa til hressan viðburð sem vekur athygli innanlands sem og út fyrir landsteinana og ég held að okkur hafa tekist vel til,“ segir Greipur.

**MIKILL ÁHUGI** Greipur segir aðstandendur Hönnunarmars hafa fundið fyrir miklum áhuga fagaðila erlendis frá.

MYND/STEFÁN



**ÍSLENSK HÖNNUN**

Fjöldi fallygra hluta hefur verið sýndur á Hönnunarmars.

## ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ **TUDOR**



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · www.skorri.is



**TUDOR** SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

## Sofðu vel - heilsunnar vegna

VORTILBOÐ Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

MIKIÐ ÚRVAL AF  
SVEFNSÓFUM



12 mánaða  
vaxtalausar  
greiðslur\*



Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.  
Verð frá kr. 339.900 á hjónarúmi.

www.svefn.is

Gerðu gæða- og verðsamanburðu

Svefn & heilsa  
★★★★★

\*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00



**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar  
Umboðsmenn um land allt  
**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 • RAFVORUR@RAFVORUR.IS



MYNDIR/HÉDINN EIRIKSSON



# FJÖLNOTA FLÉTTA

**NÝ ÍSLENSK HÖNNUN** Guðrún Theodóra Alfreðsdóttir vöruhönnuður hannaði borð sem hægt er að umbreyta eftir aðstæðum á heimilinu.

Innblasturinn að baki borðinu er málverk sem ég fann af franskri miðaldaveislu en þá var venjan að gestgjafinn sæti í miðjunni, við hjarta borðsins,“ segir Guðrún Theodóra, nýútskrifaður vöruhönnuður en hún sýndi fjölnota borð á útskriftarsýningu LHÍ. „Tengsl milli fólks styrkjast mest þegar það sest niður og borðar saman. Ég vildi strax hafa hjarta í borðinu sem hefði notagildi en í dag notum við gjarnan sama borðið til að vinna við og til að borða við,“ útskýrir Guðrún.

Með miðjunni er hægt að skipta borðinu upp og nota sem korktöflu. Þá

þarf ekki að hafa tölvuna og vinnu-pappírana í augnsýn meðan borðað er. Korkplatan nýttist sem hitaplatti þegar hún liggur flöt í borðplötunni og sem upphækkun undir matinn ef hún er lögð tvöföld.

„Borðfæturnir eru í búkkaformi því veislusalirnir á miðöldum voru margnota og borð sett upp á búkka þegar haldnar voru veislur. Guðmundur Eggertsson smíðaði fyrir mig borðið fyrir útskriftarsýninguna en draumurinn er auðvitað að fá borðið framleitt og koma því á markað,“ segir Guðrún.

Framundan hjá Guðrúnu er spenn-

andi sumar eftir annasama lokaönn í Listaháskólanum en hún landaði draumastarfinu fyrir ungan og upprennandi hönnuð.

„Ég er að fara að vinna sem aðstoðarmaður Helgu Jósepsdóttur, vöruhönnuðar, en hún heldur utan um sumarþúðir í Frakklandi á vegum Vitra hönnunarsafnsins. Þangað koma frægir hönnuðir alls staðar að úr heiminum og halda vikuleg námskeið,“ segir Guðrún og hlakkar auðheyrilega til. „Já, þetta er algjört draumastarf. Svo langar mig í mastersnám í vöruhönnun í framhaldinu.“

**SPENNANDI SUMAR**  
Guðrún mun verja sumrinu í Frakklandi við að halda utan um sumarþúðir fyrir hönnuði á vegum Vitra hönnunarsafnsins.  
MYND/VALLI

**FJÖLNOTA**  
Hægt er að skipta borðinu upp í vinnuborð annars vegar og matarborð hins vegar. Í fullri lengd rúmar borðið tíu manns. Borðið smíðaði Guðmundur Eggertsson fyrir Guðrúnu.

**Stráumur**  
mánudagskvöld kl. 22  
X

**FÓLK ER KYNNINGARBLAD** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473  
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Takið eftir! Ókeypis  
**Sumarnámskeið í jazzballett**  
29. maí - 11. júní!  
**Jazzballett**  
Innritun fyrir haustönn stendur yfir á [www.jsb.is](http://www.jsb.is)  
Stelpur Strákar

Skráning er hafin á [jsb.is](http://jsb.is)  
Fyrstur kemur, fyrstur fær!

Í tilefni af 45 ára starfsafmæli JSB er stelpum og strákum á aldrinum 7 – 15 ára boðið upp á frítt námskeið í jazzballett. Kennst er 2x í viku 60 mínútur í senn.

Nánari upplýsingar eru á vefnum [www.jsb.is](http://www.jsb.is) og á facebook.  
Góða skemmtun ☺

Viltu gerast vinur JSB?  
Danslistarskóli JSB er á facebook

**Nám og kennsla**  
Danslistarskóli JSB er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem listdanskóli á grunn- og framhaldsskólastigi. Nánari upplýsingar um nám við skólann er að finna á [www.jsb.is](http://www.jsb.is) undir Danslistarskóli JSB.

**FRAMHALDSNEMENDUR OG NÝNEMAR**

Rafræn skráning er á [www.jsb.is](http://www.jsb.is), upplýsingar í síma 581 3730

**Jazzballett**

- Skemmtilegt og fjölbreytt dansnám fyrir stelpur og stráka frá 6 ára aldri
- Í boði eru byrjenda- og framhaldshópar á aldrinum 6-7 ára, 8-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára og 16+
- Uppbyggileg dansþjálfun sem veitir svigrúm til sköpunar og frelsi til tjáningar
- Allir nemendur taka þátt í glæsilegri nemendasýningu í Borgarleikhúsinu á vorönn.

Stundaskrá birtist á vefnum 17. ágúst.  
Kennsla hefst 5. september!

**Kennslustaðir:**

- Danslistarskóli JSB í Kópavogi, Íþróttahúsi Digraness. Almenn braut.
- Danslistarskóli JSB í Reykjavík, Lágmúla 9 og Laugardalshöll. Almenn braut og listdansbraut.



DANSLISTARSKÓLI



## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900  
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 896 2312



Bergur Steingrímsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 896 6751



Sveinn Eyland  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 690 0820



Þórarinn Thorarensen  
Sölustjóri  
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsson  
Sölufultrúi  
Sími 892 1931



Eggert Mariússon  
Sölufultrúi  
Sími 690 1472



Júlíus Jóhannsson  
Sölufultrúi  
sími 823 2600



Haraldur Ómarsson  
Sölufultrúi  
sími 845 8286

## Við erum Landmark\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannaúði sem veitir afburðaðjónustu! Fjórir löggiltir fasteignasalar. Áralöng reynsla.



www.fasteignasalan.is



Auður Kristinsdóttir  
Sölufultrúi



Rúnar Gíslason  
Lögg. fasteignasali

Gullsmári 10, íbúð 503

Opið hús þriðjudaginn 15. maí kl. 17:30 - 18:00.



3ja herbergja íbúð í lyftublokk með flottu útsýni og yfirbyggðum svölum í næsta húsi við Smáralind. 89,2 fm. kr. 24,9 m

Sími 824 7772

Vegna mikillar sölu vantar eignir á skrá!

audur@fasteignasalan.is Auður Kristinsdóttir



Einbýlishús við Traðarland í Fossvogi. Boðið er upp á opið hús á morgun, þriðjudag.

## Fallegt hús í Fossvogi

Fold fasteignasala kynnir opið hús í Traðarlandi 8, þriðjudaginn 15. maí frá kl. 17.30 til 18.00.

Fasteignasalan Fold kynnir fallegt og vel skipulagt einbýli á einni hæð við Traðarland í Fossvogi.

Lýsing eignar: Anddyri með flísum og fataskáp og lítil gestasnyrtning með flísum. Hol og sjónvarpsstofa með flísum og stór

stofa með parketi. Gengið er út á stóran pall frá sjónvarpsstofunni.

Í dag eru fjögur svefnherbergi í eigninni. Þar af er eitt sem áður var tvö herbergi sem auðvelt væri að breyta aftur. Hjónaherbergið er með skápum og parketi og barnaherbergin með parketi á gólfi. Baðherbergi er með baðkari, flísum og hvítum tækjum. Inn af eldhúsinu er þvottahús með sturtu. Frá þvottahúsi er gengið inn í rúmgott herbergi og þaðan í bílskúr. Einnig er búr inn af þvottahúsinu. Að

sögn seljanda eru stofur hússins samkvæmt teikningum stærri en mæling Fasteignamats ríkisins segir til um. Þar að auki er 18 fermetra sólstofa sem er óskráð í fermetratölum.

Samtals stærð hússins er um 245 fermetrar. Árið 2007 var lóðin tekin í gegn; skipt var um lagnir að húsi, hiti settur í plan, ljósleiðari tengdur og planið hellulagt. Umhverfis húsið er fallegur garður í góðri rækt. Virkilega falleg og góð eign í eftirsóttu hverfi.

HVETTU BARNIÐ TIL AÐ VERA GÆTID ÞEGAR ÞAÐ VEITIR PERSÓNULEGAR UPPLÝSINGAR Á NETINU

Heimili og skóli

www.saft.is

## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnboði Hilmarrsson  
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson  
sölufultrúi og lögg. leigumíðlari



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Anna Svala Árnadóttir  
sölufultrúi



Ruth Einaradóttir  
sölufultrúi



Ásdís Írena Sigurðardóttir  
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook



### Rauðagerði - Tvær íbúðir

Gott 230 fm einbýli með 2ja herbergja aukaíbúð á jarðhæð. Innbyggur 50 fm bílskúr. Nýlegt eldhús og baðherbergi. Stórar suðursvalir, sólpallur og fallegur garður. V. 48. Bogi 699-3444




### Njálsgata 27b - Opið hús

137 fm 2ja hæða einbýlishús í 101 Reykjavík í bakhúsi neðan við götu. Nýlegt járn á þaki. Húsið er mikið upprunalegt og þarfnast lagfæringar en gefur mikla möguleika. Fjögur svefnherbergi. V. 37,7 m. Opið hús í hádeginu í dag frá 12:15-13:00. Gustaf 895-7205



### Melbær 29 - Opið hús

Fallegt 278 fm endarahús á þremur hæðum. Möguleiki á aukaíbúð í kjallara. Fristandandi bílskúr. Fallegur garður með sólpalli. V. 57 m. Til sýnis í dag kl 17:30 - 18:00. Ruth s:6592512



### Þorláksgæisli 43 - Opið hús

Vönduð 6 herbergja íbúð með tveimur bílskúrum. Fimm stór svefnherbergi, tvö baðherbergi, tvennar svalir og bjartar stofur. Vandaðar innréttingar og gólfefni ásamt lýsingu og tækjum. V 49 m. Opið hús á morgun þriðjudag frá kl 17:30 - 18.00. Andri 690-3111.



### Árskógar 6 - Opið hús

Íbúð 0504. Mjög góð 95,4 fermetra 3ja herbergja íbúð á 5. hæð í fallegu lyfthúsi fyrir 60 ára og eldri við Árskóga. Opið hús í dag kl 12:15-13:00 Anna Svala s: 664 6901.



### Raðhús, Hnoðravellir 13-19 Hafnarfirði

Ný 170 fm raðhús á einni hæð. Lóð gróðfönuð. Íbúðin er 143,1 fm og bílskúrinn 26,9 fm. Hús nr 13 og 15 eru fullbúin. Verð 41 millj. Hús nr 15 er tilbúið til innréttinga, verð 36 millj. Hús nr 19 er fókelt. Verð 32,5 millj. Gustaf 895-7205.



### Álfholt, Hafnarfirði - 2 íbúðir

277 fm endarahús með tveimur íbúðum og innbyggðum bílskúr sem skiptist þannig: Aðalíbúð og ris 177 fm, íbúð í kjallara 59 fm og bílskúr 41 fm. Lóð frágengin. Miklir möguleikar. V. 51,9 m Gustaf 895-7205



### Sóltún - 3ja herb

Fin 81,1 fm 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með hellulagðri verönd og skjólgirðingu í nýlegu fjölbýli á besta stað. Parket og flísar á gólfum. Ekkert áhvilandi. V. 24,5 m. Gustaf 895-7205



### Sigtún - 3ja-4ra.

Störglæsileg og algjörliga endurnýjuð 3ja-4ra herbergja íbúð á jarðh/kj. Tvær stofur og tvö herbergi. Allt endurnýjað á vandaðan hátt frá grunni. Frábær staðsetning við Laugardalinn. Laus strax. V 25,0 m. Finnboði 895-1098



### Hyrjarhöfði - atvinnuhúsnæði

870 fm fjölnota atvinnu-/iðnaðarhúsnæði. Húsið stendur á góðum stað í höfðahverfinu skammt frá samgöngustofnæðum. Húsinu má auðveldlega skipta upp í nokkra hluta. Góð aðkoma er á húsinu, stórt plan fyrir framan húsið og háar innkeyrsludyr. V. 95,0 m. Bogi 699-3444





**GLÆSILEG SKRIFSTOFUBYGGING  
ENGJATEIGUR 7 – TIL LEIGU EÐA SÖLU**

**Vegna flutnings höfuðstöðva Ístaks hf. að Bugðuflióti 19, Tungumelum í Mosfellsbæ er þessi glæsilega skrifstofubýgging til leigu eða sölu.**

Sjálf skrifstofubýggingin er 2.809,0 fm að stærð, þrjár hæðir og kjallari auk 1.051 fm bílakjallara. Fasteignin skiptist í móttöku, afstúkaðar skrifstofur og opin vinnurými, fundarsali, fyrirlestrarsal, tæknirými, skjalageymslur, eldhús með matsal o.fl.

Húsið er byggt árið 2003 og er samstarfsverkefni á milli dönsku arkitektastofunnar KHR arkitekta og Arkís arkitekta. Byggingin er hönnuð sem opin, gegnsæ og gagnvirk bygging sem hvetur til samskipta fólks. Dagsbirta og árstíðirnar endurspeglast innanhúss í stórum gluggaflötum.

Byggingin er vel staðsett miðsvæðis í Reykjavík og í góðum tengslum við Laugardalinn.

Eignin getur verið laus til afnota fljótlega.

**SÉRBYLI**



**Bollagarðar 51- Seltjarnarnesi**  
**OPIÐ HÚS Á MORGUN FRÁ KL. 17.00-18.00.**  
Fallegt og vel skipulagt 212,5 fm. raðhús, tvær hæðir og ris, að meðtöldum 20,4 fm. bílskúr á þessum eftirsóttasta stað. Eldhús með nýlegum innréttingum. Stofa/borðstofa með útgangi á verönd til suðvesturs. Rúmgott sjónvarpshol með útgangi á svalir til suðvesturs. Fjögur rúmgóð herbergi. Nýlega endurnýjað baðherbergi. Híti er í innkeyrslu og stéttum fyrir framan hús. Verð 54,0 millj. Eignin verður til sýnis á morgun. Verið velkomin.



**Sóleyjarími.**  
Vandað 208,3 fm. raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Vandaðar innréttingar og skemmtilega hönnuð lýsing. Stofa og borðstofa með eldstæði og útgengi í garð. Einnig útgangur á verönd úr eldhúsi. Þrjú svefnherbergi, en möguleiki er að gera sjónvarpsrími að fjórða herberginu. Gólfhíti. Góð afgirt vistarverönd framan við húsið og góð hellulög aðkoma. Matjurtagarður baka til. Verð 47,7 millj.



**Bláskógar.**  
Vandað og þó nokkuð endurnýjað um 290,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum bílskúr á fallegum útsýnisstað. Í húsinu eru tvær íbúðir og er sér inngangur í hvora fyrir sig. Aðalíbúðin skiptist m.a. í samliggjandi stofur með arni, rúmgott eldhús, nýendurnýjað baðherbergi og 4 herbergi. Ræktuð lóð með skjólgóðri verönd. Híti í innkeyrslu. Pakkantur, gluggar og hús að utan eru nýlega máluð. Verð 69,0 millj.



**Sörlaskjól.**  
Mjög fallegt og vel skipulagt 297,4 fm. parhús á þremur hæðum með sér 3ja herb. íbúð í kjallara. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á undanförunum árum á vandaðan og smekkelegan hátt. Allar innréttingar eru sérsníðaðar, hannaðar af Yrki arkitektum. Aukin lofthæð er á rishæð. Lóð nýlega endurnýjuð. Nánari uppl. veittar á skrifstofu.



**Glæsibær**  
Fallegt 167,2 fm. einbýlishús að meðtöldum 31,2 fm. bílskúr á þessum frábæra stað við Elliðaárdalinn. Samliggjandi stofur með arni. Hol með útgangi á verönd til suðurs. Eldhús með góðri borðaðstöðu. Þrjú herbergi (fjögur á teikningu). Nýlega endurnýjuð gestasnyrting. Húsið er nýmálað og víðgert að utan. Falleg lóð með um 50 fm. víðarverönd með skjólveggjum auk hellulagðrar verandar aftan við húsið. Verð 54,9 millj.



**Hverafold. Einbýlishús með aukaíbúð**  
Reisulegt 275,5 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 3ja herb. aukaíbúð á jarðhæð, innbyggðum bílskúr og stórum velheppnuðum suður garði. Húsið er vel viðhaldið og bíður upp á mikla möguleika. Stofur með mikilli lofthæð og útgengi á suðursvalir, eldhús með sérhannaðri innréttingu og 4 herbergjum auk séríbúðar á neðri hæð. Stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla. B-Verð 74,9 millj.



**Unnarbraut 19- Seltjarnarnesi**  
**OPIÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17.00-18.00**  
320,2 fm. heil húseign með tveimur íbúðum á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Eignin skiptist í 160,0 fm. 5 herbergja efri sérhæð ásamt 37,8 fm. geymslu á jarðhæð og 39,0 fm. bílskúr. A neðri hæð er 83,3 fm. 3ja herbergja íbúð með sérinngangi. Frá efri hæð er frábært útsýni til suðurs og vesturs. Vel staðsett eign sem býður upp á mikla möguleika. Verð 67,0 millj Eignin verður til sýnis á morgun. Verið velkomin.



**Miðbraut 6, Seltjarnarnesi.**  
**OPIÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG, FRÁ KL. 17.00 -18.00**  
Fallegt, vel skipulagt og frábærlega staðsett 138,0 fm. parhús á tveimur hæðum auk 26,9 fm. bílskúrs. Eignin skiptist m.a. í eldhús, samliggjandi stofur með útgangi á lóð til suðurs, fjögur herbergi. Húsið var þó nokkuð endurnýjað fyrir 20 árum síðan m.a. gler, raflagnir, opfanó og neyslvatnslagnir. Fallegt útsýni er til sjávar úr stofum og af lóð. Rúmgóðar og skjólsælir svalir til suðurs út af hjónaherbergi. Verð 44,5 millj. Eignin verður til sýnis á morgun. Verið velkomin.



**Stokkseyri**  
Glæsilegt einbýlishús á einstökum stað með stórkostlegu útsýni. 207,3 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 38,5 fm. bílskúr. Húsið er allt hið vandaðasta, innréttað á vandaðan og smekkelegan hátt. Eldhús með eldunareyju. Stofa með gólfisíðum gluggum og mikilli lofthæð. 4 svefnherbergi. Gólfhíti er í öllu húsinu. Hellulög verönd umlykur húsið á þrjú vegu. Heitur pottur á verönd. Húsið er klætt að utan með standandi harðviðarklæðningu og lágréttu báruáli. Gluggar og úthurðir út tekki. Verð 45,0 millj. Frábær staðsetning á fallegum stað á sjávarkambi með útsýni til suðurs, vesturs og austurs.



**Kringlan 21 – endaraðhús**  
**OPIÐ HÚS FRÁ KL. 17.30-18.00**  
Fallegt og vel skipulagt 174,9 fm. endaraðhús auk 24,8 fm. bílskúrs við Kringluna. Stórar samliggjandi stofur með arni, rúmgott eldhús með miklum innréttingum og stórru eyju, sjónvarpsstofa/herbergi með útgangi á svalir til vesturs og 3 rúmgóð herbergi auk fataherb./vinnuherb. Innaf hjónaherbergi. Afgirt og skjólgóð lóð með stórru verönd. Verð 56,9 millj. Eignin verður til sýnis á morgun. Verið velkomin.




**Ögurás-Garðabæ**  
Glæsilegt 129,1 fm parhús að meðtöldum 26,2 fm bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, opið rými, stóra stofu með káminu og gólfisíðum gluggum, eldhús, 2 svefnherbergi og baðherbergi með þvottaðstöðu. Lofthæð er að jafnaði um 3 metrar. Húsið er allt hið vandaðasta að innan hvað varðar efnisval í innréttingum og gólfefni. Lýsing og raflagnir eru í algjörum séríðri. Að utan er húsið klætt með viðhaldsfríu áli og standandi eikarklæðningu, viðhaldsfríri. Verð 49,5 millj. Húsið stendur elst í hverfinu með stórkostlegu útsýni yfir sjóinn og fjallahringinn og gefur villt náttúran húsi og umhverfi falllegt yfirbragð.

**4 - 6 HERB.**



**Straumsalir-Kópavogi. 5 herbergja með 4 svefnherb.**  
Mjög falleg 129,8 fm. 5 herbergja íbúð á 3. hæð í 5 íbúða húsi. Fjögur svefnherbergi. Björt stofa og borðstofa með útgangi á um 12 fm. svalir til suðvesturs. Opið eldhús með fallegum innréttingum úr mahony. Frá íbúðinni nýtur stórkostlegs útsýnis að Reykjanesi, til Snæfellsjökuls og víðar. Stutt í skóla, sundlaug og íþróttasvæði. Hús nýlega málað að utan. Verð 39,5 millj.



**Strandvegur- Sjálandi Garðabæ. Glæsileg 4ra herb. íbúð**  
